MARTIN LEIFSSON

*Starfaði sem sjálfboðaliði í Frakklandi*

á ferðinni

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




TÓNLISTARMAÐURINN EBERG

*Vekur athygli erlendra útgáfurisa*

Boðinn samningur hjá Kobalt Music Publishing.

FÓLK 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. október 2009 — 249. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Áfanganum loksins náð

Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir er fertug í dag.

TÍMAMÓT 16

### Lagfærir textann

Friðrik Ómar lagfærir útgáfu sína og Jógvans Hansen á laginu Róméó og Júlía eftir Bubba.



FÓLK 26

### Háskólinn

„En hvert er hlutverk háskóla? Er það einvörðungu að undirbúa nemendur undir tiltekin störf?“, skrifar Eiríkur Bergmann.

Í DAG 14

### Sannkölluð markaveisla



Það var mikið skorað og nóg um dramatík í leikjum Meistaradeildar Evrópu í gærkvöldi.

ÍÞRÓTTIR 22

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMULÍTIÐ NV TIL** Í dag verða austan eða norðaustan 5-10 m/s. Væta norðaustan og austan til, en bætir í úrkomuna syðra síðdegis. Hiti rétt yfir frostmarki norðan til, en annars víða á bilinu 3-8 stig.

VEÐUR 4

# Lögreglan telur sig á slóð mansalshrings

**Fimm Íslendingar voru handteknir í gær vegna rannsóknar á meintu mansali frá Litháen. Fimm Litháar sitja þegar í gæsluvarðhaldi. Enginn játar á sig sakir.**

**LÖGREGLUMÁL** Þrír íslenskir karlmenn og tvær konur voru handtekin í gær vegna rannsóknar á meintu mansali frá Litháen. Fimm litháískir karlmenn sitja þegar í gæsluvarðhaldi.

Málið upphófst á fimmtudag í síðustu viku þegar lögreglan lýsti eftir nítján ára litháískri stúlku sem talin er fórnarlamb mansals. Næstu dagana þar á eftir voru fimm Litháar handteknir og sitja þeir nú í gæsluvarðhaldi sem rennur út síðdegis í dag.

„Það hefur enginn játað þær sakir sem á þá eru bornar,“ segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, staðgengill lögreglustjórans á Suðurnesjum, sem fer með rannsókn málsins.

Alda segir að umfang rannsóknarinnar sé enn að vaxa. „Við erum að skoða allt sem kann að tengjast ætluðu mansali og allri annarri skipulagðri glæpastarfsemi og samskiptum og samkiptaformum við þessa menn sem við erum þegar með í gæsluvarðhaldi,“ segir hún.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins telur lögreglan sig komna á slóð skipulagðs mansalshrings. Íslendingarnir sem handteknir voru í gær eru á fertugs- og fimmtugsaldri og munu ekki vera þekktir af afbrotamenn. Húsleit var gerð á heimilum þeirra allra á höfuðborgarsvæðinu í gær. Að auki var leitað í fyrirtækjum og öðru húsnæði. Aðgerðirnar stóðu fram á kvöld. Lagt var hald á bókhaldsgögn, skjöl og aðra muni.

Yfirheyrslur yfir Íslendingunum fimm stóðu fram á kvöld. Ákveða á í dag hvort krafist verði gæsluvarðhalds yfir þeim og framlengingar á varðhaldi Lithánna fimm. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru þeir meðal annars grunaðir um afbrot tengd fíkniefnum, handrukkunum og annað ofbeldi.

Við aðgerðirnar í gær naut lögreglan á Suðurnesjum aðstoðar frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og í Stykkishólmi og Ríkislögreglustjóra.

Stúlkan frá Litháen mun enn vera undir verndarvæng lögreglunnar hér á landi. - gar



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SPÆNSK LANDKYNNING Á TORGI LANDNÁMSMANNSINS** Hundrað Kanaríeyjabúar settu svip á borgarlífið í gær en þeir eru hér til að vekja athygli á kostum eyjunnar sinnar sem ferðamannastaðar. Ætla þeir að bjóða hundrað Íslendingum í vikuferð til Kanarí. Íslandsförin er liður í milljarðs króna herferð ferðamálayfirvalda á Kanarí sem miðar að því að laða að fleiri ferðamenn.



**Í JEPPAFERÐ** Auður Ásdís og Bjarnfríður Leósdóttir ásamt Benedikt Eyjólfssyni frá Bílabúð Benna.

Jeppakona á níræðisaldri:

## Vill komast út af malbikinu

**FERÐIR** „Það er sko ýmislegt sem maður getur gert þó að maður sé kominn yfir áttrætt,“ segir Auður Ásdís Sæmundsdóttir, 84 ára Skagamaður, sem ekur um á ellefu ára Musso-jeppa.

Hún lætur sig ekki muna um að fara út fyrir malbikið, þræða jeppaslóða og aka yfir ár. Hún hefur enda mikinn áhuga á íslenskri náttúru og hefur kannað hana í gegnum árin, oft í slagtogi við æskuvinkonu sína, Bjarnfríði Leósdóttur, sem er 85 ára.

- sg / sjá ALLT

Stefán Karl í Los Angeles:

## Deilir hlutverki með leikara úr stórmyndum

**FÓLK Stefán Karl Stefánsson og Hollywood-leikarinn Christopher Lloyd skipta á milli sín hlutverki Trölla í samnefndum söngleik. Söngleikurinn verður frumsýndur í hinu sögufræga leikhúsi, Pantages, í Los Angeles í næsta mánuði.**

**Stefán segist vera hálfgerð varaskeifa fyrir Lloyd, hann muni hlaupa undir bagga þegar sá gamli þreytist. „Það verða líklega helmingaskipti hjá okkur,“ segir Stefán en gert er ráð fyrir tólf sýningum á viku.**

- fgg / sjá síðu 26

Á fjórða tug sjúklinga með svínaflensu á Landspítala:

# Tafir á afhendingu bóluefnis

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki hefur borist jafnmikið af bóluefni hingað til lands í tveimur fyrstu sendingunum og heilbrigðisyfirvöld höfðu átt von á. Þetta staðfestir Haraldur Briem sóttvarnalæknir.

„Þetta var minna en menn bjuggust við en þetta fer nú að koma hraðar inn,“ segir hann. Spurður um hvort miklu hafi munað segir hann að í síðustu viku hafi verið von á fimmtán þúsund skömmtum, en komið hafi 12.500 og í þessari viku hefði magn bóluefnisins einnig reynst minna en reiknað hefði verið með. Haraldur segist vona að sendingin sem kemur í næstu viku verði eins og ráð var fyrir gert.

Spurður um ástæður þessa nefnir hann hægari ræktun veirunnar en vonir hefðu staðið til. Einnig hafi orðið ákveðin töf af völdum skrifræðis, svo sem breytingar á fylgiseðlum og fleira af því tagi.

Alls lá 31 á Landspítalanum í gær með svínaflensu. Þar af voru fjórir á gjörgæslu og jafnvel búist við að sá fimmti myndi bætast við. Það var ekki orðið ljóst síðdegis í gær.

Fjórir voru útskrifaðir af spítalanum í gær, en níu ný flensutilfelli bættust við. Í síðustu viku greindust 1.666 með einkenni sem svipar til inflúensu.

- jss









## SPURNING DAGSINS



*Jörundur, ertu byrjaður að kalka?*

„Já, kalkið er hafið.“

Nýtt fæðubótarefni, HAFKALK, er komið á markað en það er unnið úr kalkþörungum á Bíldudal. Jörundur Garðarsson starfar hjá Íslenska kalkþörungafélaginu á Bíldudal.

Efnahagsráðherra hafnar fullyrðingum um að erlendar skuldir séu óviðráðanlegar:

# Skuldastaðan víða verri en hér

**EFNAHAGSMÁL** Ofsagt er að skuldir þjóðarbúsins séu komnar fram yfir endanleg mörk sem ekki verður við ráðið þegar skuldabyrðin er skoðuð í alþjóðlegum samanburði.

Þetta segir í tilkynningu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins frá í gærkvöldi þar sem hafnað er fullyrðingum um að skuldirnar séu óviðráðanlegar. Hafa þær miðast við skuldir sem nema 240 prósent af landsframleiðslu.

Bent er á að vergar skuldir landsins lækki við hrun viðskiptabankanna þar sem stór hluti skulda afskrifist í þrotabúum þeirra. Þá segir að hlutfall skulda af þjóðarframleiðslu sé að líkindum verulega ofmetið vegna gengisfalls og tímabundins samdráttar landsframleiðslu. Reikna megi með að krónan styrkist og landsfamleiðsla vaxi að nýju.

Á það ber einnig að líta, segir í tilkynningu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, að flest grannríki standa frammi fyrir lífeyrisskuldbindingum í framtíðinni sem hafa ekki verið fjármagnaðar. Íslenska ríkið eigi hins vegar í reynd varasjóð utan efnahagsreiknings sem er óskattlagt framlag í lífeyrissjóð en það fé og ávöxtun þess mun bera skatt við útgreiðslu. Hrein eignastaða ríkisins sé því í reynd töluvert betri ef litið sé til lengri tíma en hún virðist við fyrstu sýn. - bþs

**SKULDIR ANNARRA RÍKJA**

**Dæmi um vergar skuldir um áramót í hlutfalli við verga landsframleiðslu**

| | |
|---|---|
| Austurríki | 202% |
| Belgía | 269% |
| Kanada | 52% |
| Danmörk | 173% |
| Írland | 884% |
| Holland | 282% |
| Sviss | 261% |
| Bretland | 341% |
| Þýskaland | 141% |
| Noregur | 105% |

Heimild: Efnah.- og viðsk.ráðun.

Ósk um afbrigði á Alþingi:

# Flýtimeðferð á Icesave hafnað

**ALÞINGI** Fjármálaráðherra hlaut ekki stuðning stjórnarandstöðunnar við ósk sinni um að Icesave-málið yrði tekið til umræðu á þingi í gær.

Þingsköp kveða á um að líða þurfi tveir sólarhringar frá því mál er lagt fram á þingi og þar til það er tekið til umræðu. Tillaga um afbrigði frá þeirri reglu naut ekki stuðnings tveggja þriðju hluta þingheims eins og lög gera ráð fyrir.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sögðu þingi og þjóð sýnd óvirðing með að taka málið til umræðu án tilhlýðilegs undirbúnings. - bþs

# Hafa leigt frá sér 2.306 tonn af kvóta

**Eskja á Eskifirði hefur leigt frá sér um 71 prósent af bolfiskkvóta fyrirtækisins frá 1. september. Markaðsverðmæti um 440 milljónir króna. Framkvæmdastjóri hjá Eskju segir fyrirtækið vera í millibilsástandi eftir sölu á togara árið 2007.**

**FISKVEIÐAR.** Sjávarútvegsfyrirtækið Eskja á Eskifirði hefur leigt frá sér 2.306 tonn af þeim 3.241 þorskígildistonni kvóta af bolfiski sem fyrirtækið fékk til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu, sem hófst 1. september 2009.

Miðað við meðalverð á kvótamarkaði hinn 24. september síðastliðinn er heildarverðmæti kvóta sem fyrirtækið hefur leigt frá sér undanfarnar sjö vikur um 440 milljónir króna.

Skipin tvö sem Eskja gerir út og skráð eru fyrir bolfiskkvótanum eru nóta- og togveiðiskip. Þau stunda ekki veiðar á bolfiski, eins og þorski, ýsu og ufsa, heldur aðeins á uppsjávarfiski, eins og síld, kolmunna og loðnu.

„Við höfum verið að skipta aflaheimildum í bolfiski yfir í uppsjávarheimildir og höfum auk þess verið í millibilsástandi,“ segir Páll Snorrason, framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar hjá Eskju. Hann segir að fyrirtækið hafi skipt ufsa-, karfa-, og grálúðukvóta fyrir síldarkvóta sem nótaskipin hafa veitt úr norsk-íslenska síldarstofninum í norskri lögsögu.

Kvóti í ufsa, karfa og grálúðu nemur alls 940 tonnum af þeim 2.306 tonnum sem fyrirtækið hefur leigt frá sér undanfarnar sjö vikur. Verðmæti kvóta í þeim tegundum er um 80 milljónir af alls um 440 milljóna viðskiptum. Að auki hefur fyrirtækið m.a. þegar leigt frá sér 1.108 tonn af 1.883 tonna þorskkvóta ársins.

Páll leggur áherslu á að þessi viðskipti séu í fullu samræmi við gildandi lög og reglur. Fyrirtækið hafi verið í ákveðnu millibilsástandi frá því að togarinn Hólmatindur var seldur úr landi í lok árs 2007. Páll segir að ákvörðun stjórnvalda um að skerða þorskaflaheimildir um 30 prósent sumarið 2007 hafi kippt fótum undan rekstri Hólmatinds og rekstri frystihúss fyrirtækisins. Eskja hafi leitað að nýju og hagkvæmara skipi í stað Hólmatinds en bankahrunið og efnahagserfiðleikar hafi kippt fótunum undan þeim hugmyndum í bili. Markmið fyrirtækisins sé hins vegar að hefja bolfiskveiðar á ný um leið og aðstæður leyfa.

peturg@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Í HEIMAHÖFN** Jón Kjartansson SU-111 er annað tveggja skipa Eskju. Fyrirtækið leggur nú áherslu á uppsjávarfisk en hyggst hefja bolfiskveiðar á ný þegar aðstæður leyfa.

**Verðmæti leigðs kvóta frá Eskju**

Bolfiskkvóti Eskju er alls 3.241 þorskígildistonn. Af honum hafa 2.306 þorskígildistonn verið færð milli skipa. Þar af er þorskur, 1.108 tonn að virði 294,7 milljónir króna. Færsla annarra tegunda er að magni 1.198 þorskígildistonn og er virði þess 142,8 milljónir króna. Samtals gera það 437,5 milljónir króna.

*mv. meðalverð á aflamarki 24.09.09, skv. fiskistofa.is

Styttist í skýrslu Kroll:

# Skoðar hugsanleg undanskot

**VIÐSKIPTI** Ráðgjafarfyrirtækið Kroll Associates skilar á næstu vikum skýrslu um hugsanleg undanskot eigna og óeðlilegar millifærslur hjá Glitni í aðdraganda bankahrunsins, samkvæmt upplýsingum frá skilanefnd Glitnis.



SADDAM HUSSEIN

Skilanefnd Glitnis réð Kroll seint í maí og stóð upphaflega til að skila skýrslunni í byrjun hausts.

Kroll sérhæfir sig í fjármálabrotum og leit að eignum, sem komið hefur verið undan. Það hefur þefað uppi ýmsar eignir, svo sem þær sem Saddam Hussein, einræðisherra Íraks, og Imelda Marcos, ekkja Ferdinands Marcos, fyrrverandi forseta Filippseyja, komu undan áður en þeim var steypt af valdastóli. - jab

Borgarstjórn Reykjavíkur:

# Siðareglurnar teknar í gagnið

**STJÓRNMÁL Siðareglur borgarfulltrúa í Reykjavík voru staðfestar á fundi borgarstjórnar í gær.**

**Allir borgarfulltrúar nema Ólafur F. Magnússon greiddu atkvæði með reglunum og skrifuðu undir þær.**

**Markmið þeirra er að skrá og skilgreina þá háttsemi sem kjörnir fulltrúar vilja sýna af sér við öll sín störf. Í þeim er meðal annars fjallað um starfsskyldur kjörinna fulltrúa, valdmörk, hagsmunaárekstra, gjafir, fríðindi og trúnað. Með undirskrift lýsa borgarfulltrúar yfir að þeir ætli að hafa reglurnar að leiðarljósi í störfum sínum.** - bþs

Merkileg uppgötvun:

# Fundu 32 nýjar reikistjörnur

**VÍSINDI Stjörnufræðingar tilkynntu á dögunum að þeir hefðu komið auga á 32 plánetur utan sólkerfis okkar. Alls hafa því um 400 plánetur fundist á Vetrarbraut jarðar.**

**Pláneturnar eru mismunandi stórar, allt frá því að vera fimm sinnum þyngri en Jörðin upp í að vera fimm til tíu sinnum þyngri en Júpíter. Plánetur með minni massa eru úr bergi, eins og jörðin, en þær þyngri eru gaskenndar. Meiri líkur eru á að líf kvikni á plánetum úr föstu formi heldur en í gashjúp.** - bs

Strandveiðar sumarsins:

# Óljóst hvar aflinn var unninn

**ALÞINGI** Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve mikill hluti aflans sem veiddist í strandveiðum sumarsins fór til vinnslu í þeim höfnum sem landað var í.



JÓN BJARNASON

Sjávarútvegsráðherra upplýsir þetta í svari við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar.

Búist er við að upplýsingarnar liggi fyrir undir lok næsta mánaðar.

Einar bar fram nokkrar spurningar um veiðarnar. Meðal annars kemur fram að af þeim 595 bátum sem fengu veiðileyfi lönduðu 554 bátar afla. - bþs

**ALÞINGI**

**Ráðgjafarstofa fyrirtækja**

Ellefu þingmenn úr öllum flokkum hafa endurflutt tillögu á Alþingi um að sett verði á fót Ráðgjafarstofa fyrirtækja, sambærileg Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.




Ítarleg viðbragðsáætlun vegna svínaflensunnar hefur tekið gildi í Kópavogi:

# Neyðarstjórn komið á fót

**STJÓRNSÝSLA** Bæjarráð Kópavogs samþykkti í gær ítarlega viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu og stofnaði neyðarstjórn sem tekur til starfa ef og þegar neyðarástand skapast. Viðbragðsáætlunin hefur þegar tekið gildi.

Gunnsteinn Sigurðsson bæjarstjóri er formaður neyðarstjórnarinnar en auk hans sitja í henni bæjarritari, sviðsstjóri framkvæmdasviðs og sviðsstjóri félagsmálasviðs.

Neyðarstjórnin, sem sett var á fót að tilmælum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, getur í neyðartilfellum tekið ákvarðanir og stofnað til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun, svo sem vegna kaupa á björgunarbúnaði, matvælum og öðru slíku, enda þoli afgreiðsla þeirra enga bið, eins og segir í tilkynningu frá Kópavogsbæ.

Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar; kopavogur.is. Áherslur hennar eru að styrkja sóttvarnir á vinnustöðum, tryggja fræðslu til starfsmanna um sóttvarnir og viðbrögð við veikindum, meta aðgerðir til að mæta auknum forföllum á vinnustöðum, undirbúa aðgerðir vegna lokana ef til þeirra kemur, kortleggja þá starfsemi sem nauðsynlegt er að haldist órofin verði faraldurinn skæður og gera áætlun um aðgerðir til að tryggja rekstur þeirrar starfsemi. - bþs



**FRÁ KÓPAVOGI** Bæjaryfirvöld hafa tekið í gagnið viðbragðsáætlun vegna svínaflensunnar.


Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA – ný ferðaskrifstofa á traustum grunni
Kanarí í vetur
Frábært tilboð á fyrstu tveimur ferðunum til Kanarí
Lukkulíf á Kanarí
Örfá sæti laus!
25. okt. – 24. nóv.
Verð frá 85.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar
miðað við 2 í íbúð/herbergi í Lukkulífi VITA.
Í Lukkulífi VITA bókar þú áfangastað og færð að vita skömmu fyrir brottför hver gististaðurinn er.
*Verð án Vildarpunkta 95.900 kr.
Innifalið: flug, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.
Montemar
Ótrúlegt verð! Undir 4.000 kr. dagurinn
24. nóv. – 19. des.
Verð frá 89.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar
miðað við 2 í íbúð með 1 svefnherbergi á Montemar.
*Verð án Vildarpunkta kr. 99.900 kr.
Innifalið: flug, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.
Flugáætlun
25. október
24. nóvember
19. desember
2. og 15. janúar
Vikulegt morgunflug alla miðvikudaga frá 27. janúar til 31. mars.
Meðlimir í Gott fólk 60+ geta valið um ýmsa afþreyingu meðan á dvölinni stendur.
vita GOTT FÓLK 60+
Meðal þess sem í boði verður eru gönguferðir, leikfimi, mini-golf, boccia, spilakvöld og kvöldvökur. Einnig verður hægt að bóka sig í skoðunarferðir með fararstjóra.
Ferðir á vegum klúbbsins til Kanarí verða farnar: 25. okt.-24. nóv., 3. feb.-24. feb. og 3. mars-24. mars.
Beint morgunflug, glæsilegur flugkostur.
Við vildum að farþegum liði eins og þeir væru heima hjá sér þegar við settum ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.
Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur.
Hjá VITA eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins. Auk þess getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum.
VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP
VITA er lífið
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444
vita
ÍSLENSKA SIA.IS VIT 47739 10/09

## GENGIÐ 20.10.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,5 | 123,08 |
| Sterlingspund | 200,99 | 201,97 |
| Evra | 183,32 | 184,34 |
| Dönsk króna | 24,624 | 24,768 |
| Norsk króna | 21,992 | 22,122 |
| Sænsk króna | 17,658 | 17,762 |
| Japanskt jen | 1,3548 | 1,3628 |
| SDR | 195,59 | 196,75 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

222,9004

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dómsmálaráðuneytið verður við beiðni Mannréttindadómstóls Evrópu:

# Frávísun hælisleitanda frestað

**MANNRÉTTINDI** Að beiðni Mannréttindadómstóls Evrópu hefur dómsmála- og mannréttindaráðuneytið frestað áður ákveðinni frávísun hælisleitanda til Grikklands. Maðurinn, sem er flóttamaður frá Afganistan, er einn fjögurra sem ráðuneytið ákvað í septemberlok að vísa til Grikklands.

Í tilkynningu ráðuneytisins kemur fram að maðurinn, sem fór í felur fyrir helgi þegar í ljós kom að senda ætti hælisleitendurna til Grikklands, hafði kært ákvörðun ráðuneytisins til Mannréttindadómstólsins á föstudag. Samdægurs barst beiðni frá dómstólnum um að fresta frávísuninni á grundvelli 39. greinar málsmeðferðarreglna dómstólsins. „Niðurstaða ráðuneytisins um að senda mál þessara fjögurra hælisleitenda til efnismeðferðar í Grikklandi er í samræmi við þau almennu viðmið sem gilda um mál af þessum toga og kynnt voru í júní síðastliðnum, það er að skoðað verði hvert tilvik fyrir sig og aðstæður viðkomandi einstaklings metnar áður en ákvörðun er tekin um endursendingu til Grikklands. Á grundvelli þessara sömu viðmiða hefur til að mynda mál fjölskyldu með ungbarn verið tekið til meðferðar hér á landi sem ella hefði farið til Grikklands,“ segir í tilkynningu.

Dómsmálaráðuneytið segist fresta frávísun mannsins þar til niðurstaða liggur fyrir um hvort mál hans verði tekið til meðferðar hjá Mannréttindadómstólnum eða dómur í málinu gengur. **- óká**



**RAGNA ÁRNADÓTTIR** Mótmælendur hafa beint spjótum sínum að dómsmálaráðherra, eftir að ráðuneyti hennar vísaði fjórum hælisleitendum sem hingað höfðu komið til Grikklands.

Fleiri konur í sveitarstjórnir:

# Jafnt hlutfall kynja á listum

**STJÓRNMÁL Starfshópur um aðgerðir til að jafna betur stöðu kynja í sveitarstjórnum leggur meðal annars til að lögfest verði jafnt hlutfall kynja á framboðslistum. Þá er lagt til að ráðist verði í hvatningarátak og haldin námskeið fyrir konur um þátttöku í sveitarstjórnarstarfi.**

**Kristjáni L. Möller samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra voru í gær afhentar tillögur starfshópsins sem Sigrún Jónsdóttir veitti formennsku. Hyggst ráðherrann fara yfir þær og hrinda í framkvæmd þeim ábendingum sem unnt þykir, eins og segir í frétt frá ráðuneyti hans. - bþs**




**SAINSBURYS** Fjárfestingararmur stjórnvalda í Katar gerði yfirtökutilboð í breska stórmarkaðinn Sainsburys á vordögum 2007 en hafði ekki erindi sem erfiði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Arabar vilja selja bankahlut:

# Íhuga kaup á stórmarkaði

**VIÐSKIPTI** Qatar Holding, fjárfestingararmur stjórnvalda í arabaríkinu Katar, íhugar að selja hluta af bréfum sínum í Barclays, næststærsta banka Bretlands.

Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal segir Qatar Holding ætla á móti að auka við hlut sinn í breska stórmarkaðnum Sainsburys, jafnvel leggja fram yfirtökutilboð í verslunina.

Félagið keypti bankahlutinn seint í nóvember í fyrra eftir hrun á fjármálamörkuðum. Í kjölfarið leituðu stjórnendur Barclays eftir líflínu í Miðausturlöndum.

Verðmæti hlutarins hefur hækkað um rúm þrjátíu prósent síðan þá og er reiknað með að fjárfestingarsjóðurinn hagnist um 630 milljónir punda, jafnvirði tæpra 130 milljarða króna, á viðskiptunum. **- jab**

# Baldur vissi af hrunhættunni í febrúar

**Baldur Guðlaugsson sat í samráðshópi á vegum Seðlabankans sem var kynnt svört skýrsla um yfirvofandi bankahrun í febrúar í fyrra. Gögn um setuna þar liggja til grundvallar lögreglurannsókn á meintum innherjasvikum Baldurs.**

**LÖGREGLUMÁL** Seta Baldurs Guðlaugssonar ráðuneytisstjóra í samráðshópi á vegum Seðlabankans, sem fékk þær upplýsingar í febrúar í fyrra að bankakerfið riðaði til falls, er annað af þeim atriðum sem rannsókn sérstaks saksóknara á meintum innherjaviðskiptum Baldurs beinist að. Fjármálaeftirlitið ákvað að taka mál Baldurs upp að nýju eftir að upplýsingar tengdar þessum fundi bárust því, samkvæmt heimildum blaðsins.

Baldur seldi hlutabréf sín í Landsbankanum í september í fyrra en hlutabréf í bankanum urðu verðlaus við hrunið fáeinum dögum síðar. Skömmu áður hafði hann setið fund um stöðu Landsbankans með Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, og fleiri embættismönnum í London.

Fjármálaeftirlitið tók í kjölfarið til athugunar hvort Baldur hefði með sölu á bréfunum gerst sekur um innherjasvik. Í maí síðastliðnum var honum tilkynnt að málið hefði verið látið niður falla.

Stuttu síðar bárust FME hins vegar nýjar upplýsingar, sem samkvæmt heimildum blaðsins sneru að setu Baldurs í áðurnefndum samráðshópi. Var málið því tekið upp að nýju. Það er nú í lögreglurannsókn hjá sérstökum saksóknara.

Baldur, þá ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, sat í samráðshópnum ásamt ráðuneytisstjórum forsætis- og viðskiptaráðuneytanna, fulltrúum Seðlabankans og Jónasi Fr. Jónssyni, þáverandi forstjóra FME, en hann lét af störfum í byrjun mars á þessu ári.

Í mars í fyrra, rúmu hálfu ári fyrir bankahrunið, voru samráðshópnum kynntar niðurstöður skýrslu sem fjármálakreppusérfræðingurinn Andrews Grace hafði unnið fyrir hérlend yfirvöld.

Í febrúar síðastliðnum minntist Davíð Oddsson á þá skýrslu í Kastljósi og sagði: „Við fengum til að mynda í febrúar einn færasta fjármálastöðugleikasérfræðing í Evrópu til að vinna fyrir okkur viðbragðsáætlun. Í þeirri áætlun gerðum við ráð fyrir því að bankakerfið færi á hausinn í október.“

Í kjölfarið hóf samráðshópurinn að vinna að undirbúningi lagasetningar, sem síðar varð grundvöllur neyðarlaganna.

Það er því aðallega tvennt sem liggur til grundvallar lögreglurannsókninni á hendur Baldri; það að hann hafi fengið fyrrnefnda kynningu, og títtræddur fundur í London. **stigur@frettabladid.is**

## STJÓRNARLIÐAR TELJA BALDRI EKKI SÆTT

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur ekki fundið lausn á máli Baldurs Guðlaugssonar, sem nú gegnir starfi ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu. Að hennar sögn er málið enn í skoðun.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er það hins vegar almenn skoðun þingmanna stjórnarflokkanna að algjörlega ótækt sé að Baldur sitji áfram á meðan hann sætir lögreglurannsókn af þessu tagi.



**BALDUR GUÐLAUGSSON** Með Baldri í samráðshópnum sátu aðrir ráðuneytisstjórar, fulltrúar Seðlabankans og forstjóri FME.



**MÁLNINGU SLETT** Ríkisstjórnin fordæmir mótmæli sem beinast gegn friðhelgi og einkalífi fólks. Skemmdarverk á heimilum eru fordæmd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkisstjórn Íslands:

# Fordæmir skemmdarverk

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórn Íslands fordæmdi, á fundi sínum í gær, skilyrðislaust það ofbeldi sem felst í því að ráðist sé gegn friðhelgi og einkalífi fólks. Skemmdarverk á heimilum fólks eru þannig fordæmd.

Forsætisráðherra vísaði sérstaklega til máls Rannveigar Rist, en líkt og Fréttablaðið greindi frá skvettist sýra, sem einhver hafði hellt yfir bíl hennar, í andlit hennar. Ríkisstjórnin hvetur til samstöðu á meðal fólks til að stöðva slíkar aðfarir. Rétttur fólks til mótmæla er skýrt viðurkenndur í minnisblaðinu, en fólk er hvatt til friðsamlegra mótmæla. **- kóp**

Fjöldi tekinn fyrir hraðakstur:

# Margir gefa í á Suðurgötunni

**LÖGREGLAN Síðustu daga hafa meira en hundrað ökumenn verið staðnir að hraðakstri á Suðurgötu í Reykjavík, milli Skothúsvegar og Vonarstrætis og á annan tug þeirra verið sviptur ökuleyfi.**

**Þrír voru sviptir ökuréttindum þar til bráðabirgða í fyrrakvöld en 30 km hámarkshraði er á kaflanum. Óku þeir á 66-69 kílómetra hraða. - bþs**

## SAMGÖNGUMÁL

**Hringnum nær lokað**

Samfellt slitlag er komið á milli Reykjavíkur og Egilsstaða um Norðurland. Aðeins vantar að ljúka átta kílómetra kafla í Berufirði til að unnt verði að keyra hringinn um Ísland á malbiki.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝNANDI VEÐUR**

Það verður víða blautt á landinu í dag, síst þó vestanlands. Væta norðaustan og austan til fram eftir degi og sunnanlands síðdegis. Svipað veður á morgun og léttir heldur til suðvestan til. Á föstudag verður ákveðnari norðanátt einkum vestanlands með kólnandi veðri.



**Á MORGUN** Strekkingur NV-til, annars mun hægari.

**FÖSTUDAGUR** 10-15 m/s V-til, annars víða 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 11° |
| Eindhoven | 16° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 15° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 20° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 9° |
| París | 15° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# PHILIPS




ambi light · Perfect Pixel HD ENGINE · Full HD 1080p · Perfect Natural Motion · 200Hz Clear LCD 1 ms · Network LINK dlna · CI+ · mp4 · NetTV

**PHILIPS 42PFL9664H**
- Örþunnt Full HD 1080p 16:9 LCD
- Ambilight Spectra 2 Baklýsing
- Perfect Pixel HD og Perfect Natural Motion
- Dýnamísk skerpa : 80.000:1
- Svartími 1ms / 200 Hz Clear LCD
- NetTV gegnum Wi-Fi ofl.

**TILBOÐ 399.995**
FULLT VERÐ 499.995




**PHILIPS 42PFL5604H**
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- Pixel Plus HD myndtækni
- Dýnamísk 50.000:1 skerpa
- Stafrænn DVBT og DVBC móttakari
- Svartími 5ms ofl.

**TILBOÐ 239.995**
FULLT VERÐ 249.995




**PHILIPS 47PFL5604H**
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- Pixel Plus HD myndtækni
- Dýnamísk 50.000:1 skerpa
- Stafrænn DVBT móttakari
- Svartími 5ms ofl.

**TILBOÐ 339.995**
FULLT VERÐ 399.995

# PLASMA OG LCD BREIÐTJÖLD




100Hz · VIERA LINK · DVB-T · Vreal 4

**Panasonic TXP50X10**
- 1366x768 punkta upplausn
- Vreal 4 og Viera Link
- 24p Playback og 100Hz
- Real Black Drive 20.000:1 skerpa
- Háskerpu DVB-T stafrænn móttakari
- SD/SDHC kortalesari, HDMI ofl.

TrustedReviews.com RECOMMENDED

**TILBOÐ 269.995**
FULLT VERÐ 349.995




Vreal PRO 3

**Panasonic TXL42S10**
- 1920x1080p punkta upplausn
- Vreal Pro3 og Viera Link
- 24p Playback
- Dýnamísk 50.000:1 skerpa
- Stafrænn háskerpu DVB-T móttakari
- Tölvuleikja- og Eco Mode stilling

**TILBOÐ 249.995**
FULLT VERÐ 279.995




600Hz · Vreal PRO 4 · DVB-T · VIERA LINK · WHAT HI-FI

**Panasonic TXP42G10**
- Full HD 1920x1080p punkta upplausn
- Vreal 4 Pro og Viera Link
- 24p Playback og 600Hz
- Dýnamísk Infinite Black 40.000:1 skerpa
- Háskerpu DVB-T stafrænn móttakari
- SD/SDHC kortalesari, HDMI ofl.

**TILBOÐ 299.995**
FULLT VERÐ 349.995

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki** ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Fjármálaráðherra metur stöðu Landsvirkjunar góða en Framsókn hefur áhyggjur:

# Lækkað mat gjaldfellir ekki lánin

**ALÞINGI** Fjárhagsleg staða Landsvirkjunar er mjög góð miðað við íslensk fyrirtæki en fremur veik í alþjóðlegum samanburði.

Lægra lánshæfismat hjá alþjóðlegum matsfyrirtækjum hefur ekki áhrif á lán Landsvirkjunar þar sem kveðið er á um í samningum að breytt mat gjaldfelli ekki lánssamninga.

Þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í umræðum um Landsvirkjun á Alþingi í gær.

Vigdís Hauksdóttir, Framsóknarflokki, lýsti þungum áhyggjum af stöðu Landsvirkjunar þar sem skuldirnar væru miklar, síst minni



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

en Icesave-skuldirnar. Hafði hún sérstakar áhyggjur af lækkuðu lánshæfismati. Þá sagði hún bókhald Landsvirkjunar hafa verið fegrað svo hægt væri að taka meiri lán og velti meðal annars fyrir sér í því ljósi hver væri raunverulegur eigandi Landsvirkjunar: íslenska ríkið eða kröfuhafar.

Steingrímur sagði áætlanir gera ráð fyrir að Landsvirkjun gæti mætt skuldbindingum sínum út næsta ár og hefði bæði aðgang að svonefndu veltiláni og ríkisframlögum samkvæmt sérstökum viðbúnaðarsamningi við ríkið. Þá væri eiginfjárhlutfallið nokkuð sterkt og engir samningar um ófjármögnuð verkefni verið gerðir.

Steingrímur sagði að endingu að óþarfi væri að efast um eignarhald Landsvirkjunar. Ríkið eða öllu heldur þjóðin ætti fyrirtækið. - bþs

Óskaland og Eyraroddi:

# Vinnuvernd til fyrirmyndar

**ATVINNUMÁL Vinnueftirlitið hefur veitt fyrirtækjunum Óskalandi og Eyrarodda viðurkenningar vegna fyrirmyndar vinnuverndarstarfs.**

**Óskaland er leikskóli í Hveragerði. Segir Vinnueftirlitið að þar sé margt gert til að koma í veg fyrir óþarfa líkamlegt álag, til dæmis með stólum og borðbúnaði. Þá hafi starfsfólk verið haft með í ráðum við skipulag húsnæðisins þegar leikskólinn var stækkaður fyrir tveimur árum.**

**Eyraroddi er sagður fylgja skýrri stefnu í vinnuverndarmálum. Þar hafi verið ráðist í markvissar úrbætur á áhættuþáttum eftir undangengið áhættumat. - bþs**

## KJÖRKASSINN



*Er samningurinn um Icesave ásættanlegur?*

| | |
|---|---|
| Já | 27,8% |
| Nei | 72,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að setja lög um Vítisengla?*

Segðu þína skoðun á vísir.is VÍSIR

**Frambjóðendur í prófkjörum vegna alþingiskosninganna 2009 athugið**

Frestur til að skila Ríkisendurskoðun uppgjöri um kostnað af prófkjörsbaráttu rennur út **25. október nk.**

Hafi kostnaður frambjóðanda ekki farið fram úr 300 þús.kr. nægir að hann skili undirritaðri yfirlýsingu þar um fyrir sama tímamark.

Nánari upplýsingar og eyðublöð er að finna á heimasíðu Ríkisendurskoðunar, www.rikisend.is.

RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun sem starfar á vegum Alþingis. Meginhlutverk hennar er að endurskoða ríkisreikning og reikninga ríkisaðila, hafa eftirlit með og stuðla að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár. Megingildi hennar eru óhæði, hlutlægni, hæfni og trúverðugleiki.

Vefhýsing_

668 kr. á mánuði

Pantaðu núna á **www.1984.is**

ÍSLENSK VEFHÝSING

= MEIRI HRAÐI >> MEIRA ÖRYGGI >> MUN ÓDÝRARI

1984 – stóri bróðir hefur gætur á þér

Sími 546 1984 ::: info@1984.is

Japanskir

YUASA Rafgeymar




Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

# Microsoft segist hafa lært af mistökunum

**Á morgun kemur út nýtt stýrikerfi frá Microsoft sem nefnist Windows 7. Stýrikerfið sem tölvurisinn sendi þar áður frá sér, Windows Vista, þótti um margt misheppnað. Nú eiga tölvur að geta gengið í endurnýjun lífdaga með nýju kerfi.**

**TÆKNI** Nýju stýrikerfi Microsoft, sem nefnist Windows 7, verður formlega hleypt af stokkunum á morgun. Stýrikerfisins er beðið með eftirvæntingu. Forstjóri Microsoft, Steve Ballmer, hefur lýst því yfir að hann leggi framtíð sína að veði takist ekki vel til. Síðast sendi hugbúnaðarrisinn frá sér stýrikerfið Windows Vista fyrir þremur árum og þótti takast heldur hrapallega. Prufu- og þróunarútgáfur nýja stýrikerfisins eru hins vegar sagðar lofa góðu.

Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, segir fyrirtækið ætla sér að „bjarga andlitinu" með Windows 7 og segir Steve Ballmer hafa vakað yfir því að ekki yrðu endurtekin fyrri mistök í þróunarferlinu. „Meira að segja þeir svartsýnustu á að við gætum komið út með almennilegt stýrikerfi eru farnir að segja að þetta sé gott," segir Hallldór.

Microsoft notaði enda aðra aðferðafræði en áður við þróun stýrikerfisins og kallaði að þróunarvinnunni fjölda samstarfsaðila. Þetta þýðir að eldri hugbúnaður og vélbúnaður á að vinna jafn vel með nýja stýrikerfinu og með þeim eldri. Þetta er mikill munur frá Windows Vista. Þar segir Halldór að 30 til 40 prósent rekla (e. *driver*) hafi reynst í ólagi, en sú tala sé sjaldan yfir fimm prósentum þegar Windows 7 er sett upp á eldri tölvur.

Þá segir hann flestar tölvur sem notist við Windows XP eiga að geta keyrt nýja stýrikerfið. Það



**SKJÁBORÐ TÖLVU MEÐ WINDOWS 7** Tölvusérfræðingar segja útlit fyrir að breytt aðferðafræði Microsoft í þróun stýrikerfis skili sér á morgun loksins í stýrikerfi sem vinni vel, sé samhæft eldri tækni og laust við vandamál sem plagað hafa önnur stýrikerfi hugbúnaðarrisans. MYND/SKJÁSKOT



HALLDÓR JÖRGENSSON

sé þó ekki alveg algilt og vissara að keyra upp á eldri tölvum frítt forrit sem kallast Windows 7 Upgrade Advisor. „En við heyrum daglega fréttir af fólki sem hefur verið með gamlar tölvur eða fartölvur sem öðlast hafa nýtt líf eftir að Windows 7 var sett upp á þeim." Haldór segir að í samanburði við Windows XP, Windows Vista og Windows 7 þá sé það síðastnefnda hraðvirkast.

Í stýrikerfinu er aukinheldur töluvert af nýjungum. Til að mynda er í því svonefndur BitLocker sem geri að verkum að hægt er að tryggja að óviðkomandi komist ekki í ákveðin svæði harða drifsins, eða jafnvel gögn sem sett eru á minnislykil eða geisladisk. Stýrikerfið styður svokallaða fjölsnertitækni á snertiskjám og ending rafhlaðna fartölva sé mun meiri vegna fullkomnari orkunotkunarstýringar en í eldri stýrikerfum. „Ég prófaði þetta sjálfur á gamalli fartölvu sem var komin niður í þetta tveggja tíma rafhlöðutíma. Eftir smá keyrslutíma var hún komin yfir fjögurra stunda endingu."

olikr@frettabladid.is

Dómur fallinn í máli Kaupþings gegn breska fjármálaráðuneytinu:

# Máttu flytja innstæðurnar

**VIÐSKIPTI** Breskur dómstóll komst að þeirri niðurstöðu í gær að lög hefðu ekki verið brotin þegar breska fjármálaráðuneytið flutti innstæður af Edge-reikningum hjá Kaupthing Singer & Friedlander (KSF) til hollenska bankans ING Direct 8. október í fyrra.

KSF var breskur banki í eigu Kaupþings og laut breskum lögum. Sama dag og innlán bankans voru send ING Direct tók skilanefnd lyklavöldin hjá Kaupþingi hér.

Bankinn taldi breska fjármálaráðuneytið hafa farið út fyrir valdsvið sitt með aðgerðunum og taldi tilmæli um eignaflutning sett í þeim tilgangi að verja innstæðueigendur KSF í Bretlandi en ekki til að viðhalda stöðugleika breska fjármálakerfisins í heild.

Í niðurstöðu dómsins segir að þótt gögn málsaðila um afskipti breska ríkisins af rekstri KSF séu ekki tæmandi þá séu viðbrögðin í samræmi við ríkjandi viðmið. Ráðuneytið hafi starfað á grundvelli gildandi laga og engin mistök verið gerð í ákvörðunarferlinu.

Ekki náðist í Steinar Guðgeirsson, formann skilanefndar Kaupþings, í gær. Haft er eftir honum í tilkynningu að nauðsynlegt hafi verið að láta dómstóla skera úr um hvort aðgerðir breskra yfirvalda hafi verið sanngjarnar og lögmætar. - jab



**BANKASTJÓRINN** Ármann Þorvaldsson var bankastjóri KSF þegar breska fjármálaráðuneytið ákvað að flytja innstæður af Edge-reikningum bankans til hollenska bankans ING Direct.

NÝTT



HEIT MÁLTÍÐ Á 5 MÍNÚTUM

# Heit máltíð á hverjum degi

1944 réttirnir eru frábær lausn á fullkominni heimilismáltíð með lágmarksfyrirhöfn. Réttirnir eru um 20 talsins og í sjö þeirra er minna en 5 grömm af fitu í 100 grömmum. Réttirnir eru komnir í nýjar og glæsilegar umbúðir og fjórir nýir réttir hafa bæst við. Þú finnur örugglega eitthvað fyrir þig.




*1944 – heit máltíð, hluti af góðum degi*

7 réttir með minna en 5 g af fitu í 100 g



**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir söguhetja nýrra barnaþátta fyrir íslensk börn eftir Lailu Arnþórsdóttur?*
2. *Til heiðurs hverjum er málþing BSRB sem sett er í dag?*
3. *Hverjir hafa gert nýja útgáfu af Bubbalaginu Róméó og Júlía?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Málflutningur Bjarna Benediktssonar og Steingríms J. Sigfússonar breyttist á ári:

# U-beygjur í Icesave og AGS

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur gengið hart fram í gagnrýni á nýja Icesave-samninga við Breta og Hollendinga. Um leið hefur Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra lýst samningunum góðum. Eftir að samningarnir voru kynntir á sunnudaginn sagði Bjarni að vegið hefði verið að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að neita henni um þann sjálfsagða rétt að fá skorið úr um málið fyrir hlutlausum dómstólum.

Þessi orð ríma illa við ræðu hans á þingi fyrir ári. Þá sagði hann: „Ég held að það sé afskaplega mikil einföldun á þessu máli öllu saman að telja það í raun og veru að það hafi verið valkostur fyrir íslensk stjórnvöld að standa stíf á lögfræðilegri túlkun og halda henni til streitu, jafnvel fyrir dómstólum, hvort sem það væri á alþjóðlegum vettvangi eða hér heima fyrir íslenskum dómstólum."



BJARNI BENEDIKTSSON



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Í desember í fyrra, þegar ríkisstjórnin aflaði sér stuðnings þingsins til að semja við Breta og Hollendinga, lagði Steingrímur áherslu á að ekki yrði rætt við Breta á meðan hryðjuverkalög þeirra gagnvart Landsbankanum væru í gildi. „Þess í stað verði stjórnvöldum falið að taka upp samningaviðræður við deiluaðila að nýju á hreinu borði og leita þar eftir því og sækja fast á um að fá fram lögformlegan úrskurðarfarveg í deilumálinu og/eða samningsniðurstöðu á sanngjörnum forsendum," sagði hann. Undir hans forræði var skrifað undir Icesave-samningana 11. júní. Hryðjuverkalögin voru þá enn í gildi. **- bþs**

Ákærður fyrir stórfellt smygl:

# Sótti e-töflusendingu í póst

**DÓMSMÁL Karlmaður um tvítugt hefur verið ákærður fyrir tilraun til stórfellds smygls á fíkniefnum hingað til lands.**

**Maðurinn sótti póstsendingu í póstmiðstöðina við Stórhöfða um miðjan desember á síðasta ári. Sendingin var stíluð á heimilisfang samlöndu hans að Eyjabakka í Reykjavík. Það sem maðurinn vissi ekki var að lögreglan hafði þá fjarlægt 1.921 e-töflu og 12.33 grömm af e-töfludufti úr sendingunni.**

**Í ákæru ríkissaksóknara segir að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni hér á landi.** **- jss**

22. október
Vaknaðu með TM Software
Morgunverðarfundur á morgun
Vönduð viðskiptastjórnun og hagkvæmari þjónustuferlar með Microsoft Dynamics CRM
Fjallað verður um raunveruleg dæmi þar sem fyrirtæki nýta Microsoft Dynamics CRM til að ná betri yfirsýn og öryggi í viðskiptastjórnun og meiri hagkvæmni í þjónustuferlum. Meðal annars munu Intrum á Íslandi og Orkuveita Reykjavíkur lýsa reynslu sinni af innleiðingu Microsoft Dynamics CRM.
Tímasetning: 8:30 - 9:45
Staðsetning: Urðarhvarfi 6, Kópavogi
Morgunverður og þekking í boði TM Software
Skráning og nánari upplýsingar: www.tmsoftware.is
Microsoft Dynamics CRM
TM Software

# Flugakademía Keilis farin í útrás til Kína

**Stefnt er að því að hér á landi stundi árlega 200 Kínverjar flugnám hjá Flugakademíu Keilis í Reykjanesbæ. Von er á fyrsta nemendahópnum í janúar. Skólinn tók nýverið í notkun þrjár nýjar og tæknilega fullkomnar kennsluflugvélar.**

**SKÓLAMÁL** Flugakademía Keilis hyggur á útrás með því að flytja inn flugnemendur frá Kína. Von er á fyrsta nemendahópnum í janúar næstkomandi. Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, segir skólann vel samkeppnishæfan við flugskóla í nágrannalöndunum. Skólinn sé ódýrari, hafi á að skipa mjög hæfum flugkennurum og sé vel tækjum búinn.

Að sögn Hjálmars er að því stefnt að hingað til lands komi um 200 Kínverjar árlega til flugnáms hjá Keili. Ekki liggur hins vegar fyrir enn hversu margir nemendur verði í fyrsta hópnum sem hingað kemur. Þeir kunni að vera á milli 20 og 70 talsins.

„En við erum með starfsmann í Kína sem vinnur þetta með okkur," segir Hjálmar, en þar í landi er verulegur skortur á menntuðum flugmönnum.

Enn er verið að byggja við og efla flugnámið en nýverið bættust við þrjár kennsluflugvélar í fimm flugvéla flota Keilis. Allar eru vélarnar fjögurra manna, tvær DA-40 TDI eins hreyfils vélar og ein DA-42 NG (New Generation) tveggja hreyfla vél. Vélarnar eru tæknilega fullkomnar, með koltrefjabúk, sem er sterkari en hefðbundinn álbúkur. Það þýðir að farþegar vélarinnar eru betur varðir komi til óhappa. Þá er vél- og tækjabúnaður af allra nýjustu sort. Kári Kárason, skólastjóri flugakademíunnar, segir að meðal nýjunga sé til dæmis sjálfstýribúnaður sem nýnæmi sé að hægt sé að kenna á í svo litlum vélum. Búnaðurinn sé svipaður þeim sem notaður er í stórum farþegaþotum. Þá segir Kári öryggisatriði að vélarnar séu búnar stórum skjám, sem sýni meiri sjóndeildarhring en aðrar vélar. „En það þýðir að menn eiga betra með að halda áttum í erfiðum aðstæðum," segir hann. Þá eru vélarnar búnar dísilhreyflum sem eru minni að rúmmáli en aðrir, en skila þó sama afli. Vélarnar séu æði sparneytnari og noti í ofanálag þotueldsneyti, sem sé ódýrara en flugvélabensín.



**DA-40 TDI KENNSLUFLUGVÉL** Vel viðraði í kynningarflugi nýrra kennsluflugvéla Flugakademíu Keilis í gær. Hér má sjá fjögurra sæta DA-40 TDI vél, sem búin er nýjustu tækjum og með búk úr koltrefjum, sem eru sterkari en ál, með höfuðborgina í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvað aukin umsvif í flugnáminu varðar segir Hjálmar svo stefnt að því að auka námsframboð tengt fluginu. Nýlega sé hafið flugfreyjunám, en í janúar eigi svo að hefja kennslu í flugvirkjun. Þá sé í pípunum að koma á flugrekstrarnámi. **olikr@frettabladid.is**



**HJÁLMAR ÁRNASON** Hjálmar, sem er framkvæmdastjóri Keilis, segir að setja eigi aukinn kraft í flugkennslu með útrás og auknu námsframboði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Í hvernig borg viltu búa?
MÍN REYKJAVÍK
HUGMYNDAÞING
Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR
SUNNUDAGINN 25. OKTÓBER KL. 13–16
Komdu og hafðu skoðun!
Reykjavíkurborg
www.reykjavik.is/hugmyndir

Allt að 35% afsláttur

# VANDAÐAR HÁGÆÐA ELDHÚSINNRÉTTINGAR

*... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum*



LINE Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, höldulaus



COUNTRY Glerhörð, kámfrí áferð
Fulningur - hvítt lakkað, háglans

til afgreiðslu af lager



HORIZONTAL
Spónlögð amerísk hnota



DUCALE
Ljós eik - innfelld handföng

## FATASKÁPAR

*Breiddir: 40, 50, 80 og 100 sm, hæð: 240 sm*

Háglans - sprautulakkað
innfelld handföng



## ÞVOTTAHÚS innréttingar



Ölur

## BAÐ innréttingar



LINE háglans hvítt 120x60 sm

YFIR 50 UPPSETTAR INNRÉTTINGAR TIL SÝNIS, EN FJÖLMARGIR VALKOSTIR Á UPPSETNINGUM EFTIR ÓSKUM HVERS OG EINS.

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**EKKI FYNDIÐ** Trúðar frá öllum heimshornum taka þátt í trúðastefnu í Mexíkóborg sem haldin er í þessari viku. NORDICPHOTOS/AFP

Formaður Rafiðnaðarsambandsins kveðst gáttaður á yfirmanni rafmagnseftirlits:

# Tækin af Vellinum víst lífshættuleg

**ÖRYGGISMÁL** „Við erum nokkrir starfsmenn Rafiðnaðarsambands Íslands, allir útlærðir fagmenn í faginu, fullkomlega gáttaðir á ábyrgðarlausu svari Jóhanns Ólafssonar, forstöðumanns rafmagnsöryggissviðs Brunamálastofnunar í Fréttablaðinu í dag“, segir í yfirlýsingu sem barst Fréttablaðinu í gær frá Guðmundi Gunnarssyni, formanni Rafiðnaðarsambands Íslands.

Tilefni yfirlýsingar Guðmundar eru orð Jóhanns sem birtust upphaflega í Fréttablaðinu á föstudag um að þótt heimilistæki úr fórum Bandaríkjahers á Miðnesheiði séu ólögleg til notkunar hér á landi séu þau ekki lífshættuleg. Þessi tæki nota aðra rafspennu en notast er við í íslenska rafkerfinu. Nokkuð er um að heimilistæki ofan af varnarsvæðinu gamla sem átti að farga séu komin í notkun utan vallarsvæðisins og þá með spennubreyti.

Guðmundur segir Jóhann gera lítið úr alvarlegum lögbrotum og spyr hvort hann sé fær um að sinna starfi sínu. „Allir fagmenn vita að þessar vélar geta verið undir ákveðnum aðstæðum lífshættulegar og vinna þá á sviði utan lekastraums rofa og eru ekki jarðtengdar. Allir fagmenn vita að lágspennuslys hafa oft mjög alvarlegar og langvarandi afleiðingar. Þetta virðist vera utan fagsviðs forstöðumanns rafmagnseftirlits,“ segir í yfirlýsingu formanns Rafiðnaðarsambandsins. - gar



**GUÐMUNDUR GUNNARSSON** Varar við notkun bandarískra heimilistækja sem ekki eru framleidd fyrir íslenska rafmagnskerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Danir skulda mikið:

# Yfir 200 þúsund á vanskilaskrá

**DANMÖRK Yfir tvö hundruð þúsund Danir eru nú á vanskilaskrá (RKI) og hafa ekki verið fleiri frá árinu 2006. Stöðugt bætist í þennan hóp, að því er segir í frétt um málið í Politiken.**

**Hinn dæmigerði skuldsetti Dani er á aldrinum 21 til 30 ára og býr á Sjálandi samkvæmt nýjum tölum sem RKI hefur tekið saman.**

**Meðalskuldir þeirra sem eru í vanskilum nema 42.000 dönskum krónum eða rúmlega milljón króna. Heildarskuldir fyrrgreindra 200.000 Dana nema 8,5 milljörðum danskra króna eða um 210 milljörðum króna.**






Beiðni leikstjóra synjað:

# Polanski verður áfram í fangelsi

**SVISS** Svissneskur dómstóll synjaði í gær beiðni leikstjórans Romans Polanski um að fá að ganga laus meðan beðið er endanlegs úrskurðar um hvort hann verður framseldur til Bandaríkjanna.



**ROMAN POLANSKI**

Í rökstuðningi dómstólsins segir að samkvæmt svissneskum lögum sé það reglan að menn séu geymdir í fangelsi þar til framsalsmál séu til lykta leidd.

Auk þess er talin mikil hætta á að Polanski reyni að flýja eins og hann gerði árið 1977 þegar hann beið dóms í Bandaríkjunum fyrir að nauðga þrettán ára telpu.

Polanski var handtekinn samkvæmt alþjóðlegri handtökuskipun sem gefin var út í Bandaríkjunum. - ót

**FERÐAMENNSKA**

### Hvalaskoðun slær met

Um fimmtíu þúsund ferðamenn sigldu út á Skjálfanda í sumar til að berja hvali augum. Hvalaskoðunarfyrirtækin Norðursiglingar og Gentle Giands gerðu út átta skip í sumar og fengu upp undir þúsund farþega á dag þegar annirnar voru mestar. Hvalaskoðunartímabilinu lauk í gær.



**JEAN-DOMINIQUE RUGIERO** Fyrirtæki verða að leggja línurnar fyrirfram og sýna fram á hvaða leið þau ætla að fara í fjárfestingum. Það getur skapað sátt um umdeild verkefni á borð við byggingu virkjana, segir sérfræðingur um samfélagslega ábyrgð í fjárfestingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bankar hefðu mátt sýna meiri ábyrgð

**Skortur á regluverki eftir einkavæðingu ríkisfyrirtækja jók ójöfnuð. Reglur og gegnsæi hefðu dregið úr líkum á hruninu. Þetta segir franskur sérfræðingur um samfélagslega ábyrgð í rekstri fyrirtækja.**

**VIÐSKIPTI** „Ef Íslendingar hefðu sótt um aðild að myntbandalagi Evrópusambandsins fyrir tveimur til þremur árum er líklegt að reglur um gegnsæi í stjórnum banka og fyrirtækja hefðu svipt hulunni af innbyrðistengslum þeirra við íslensk fyrirtæki mun fyrr en ella. Hugsanlega hefði það getað dregið úr hættunni á hruni þeirra,“ segir Frakkinn Jean-Dominique Rugiero, stjórnandi sænska ráðgjafarfyrirtækisins Daxam Sustainability Services.

Rugiero er staddur hér á landi í tilefni af ráðstefnu á vegum Fjárfestingarstofu, iðnaðarráðuneytis og Útflutningsráðs um beinar erlendar fjárfestingar hér á landi auk þess að halda námskeið um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð í fjárfestingum og fjármálastjórnun á föstudag.

Rugiero hefur um nokkurra ára skeið unnið með stjórnvöldum í Austur-Evrópu um innleiðingu sjálfbærrar hugsunar og samfélagslegrar ábyrgðar í stjórnháttum og fjármálum.

Hann segir margt líkt með örlögum fjármálafyrirtækja þar og íslensku bankanna. „Þegar bankarnir voru einkavæddir í Slóvakíu voru lyklarnir að þeim afhentir nýjum eigendum án mikilla kvaða. Regluverkið var veikt, bankarnir sprungu út og bilið á milli ríkra og fátækra jókst. Í því felst óréttlæti. Þegar stjórnvöld þar sóttu um aðild að myntbandalaginu urðu þeir að laga regluverk sitt að bandalaginu. Það kom skikki á bankana. Mér sýnist sem því hafi ekki verið að skipta hér,“ segir hann.

jonab@frettabladid.is

## GEGNSÆI SKAPAR SÁTT



„Úti í heimi er skortur á rafmagni. Á sama tíma sitjið þið á miklum virkjanakostum,“ segir Rugiero. Hann bendir á að aðeins hafi um tuttugu prósent af kostum landsins til raforkuframleiðslu verið nýttir. Hann viti að menn deili um framhaldið. Mikilvægt sé að komast að niðurstöðu um það hvort Íslendingar ætli að sitja á ósnertri náttúru eða nýta ávexti jarðar, svo sem jarðvarmann. Ákveða verði hvaða leið eigi að fara. Sátt verði að vera um það í samfélaginu. „Yfirvöld verða að leggja línurnar um það hvernig málum verður háttað og hvert eigi að stefna. Allt verður að vera uppi á borðum og ekkert á að fela. Gangi það eftir eru meiri líkur að sátt náist um flest mál en ella,“ segir Jean-Dominique Rugiero.




„Eggert Þorleifsson og Ólafía Hrönn Jónsdóttir ... eru gamanleikarar af Guðs náð og hér fara þau á kostum. Sýningin er afar fagmannlega unnin, skemmtileg og vekur áhorfendur til umhugsunar.“

*Ingibjörg Þórisdóttir, Mbl 19. okt.*

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



# BRENNUVARGARNIR

eftir Max Frisch

## Magnað verk um hugleysi og græðgi, fullt af eldfimum húmor

*Brennuvargarnir er eitt af frægustu leikritum 20. aldarinnar*



**VÖLVA**

Völva er framsækið samrunaverk sem byggir á Völuspá, endurortri af Þórarni Eldjárn. Tónlist eftir Skúla Sverrisson.
**Frumsýning í Kassanum á morgun**



**SINDRI SILFURFISKUR**

Nýtt ævintýri eftir Áslaugu Jónsdóttur fyrir yngstu börnin um heillandi sjávarverur.
**Frumsýning í Kúlunni lau. 31. okt.**



**UTAN GÁTTA**

Besta leiksýning leikársins.
**Aukasýningar í nóvember vegna fjölda áskorana**



**FRIDA... viva la vida**

Litrík og heillandi sýning um líf og list Fridu Kahlo.
**Síðasta sýning 14. nóv.**



**KARDEMOMMUBÆRINN**

Áttugasta sýningin á sunnudaginn – og alltaf jafn skemmtilegt!
**Sýningum lýkur í nóvember**

Hringdu í síma **551 1200** eða smelltu þér á **leikhusid.is**

# X-tra ódýrt!




| Vöruheiti: | Verð/kr |
|---|---|
| Kornflex,500g | 199 |
| Hreingerningarlögur, 1250ml | 329 |
| Þvottaduft ilmefnalaust, 2kg | 579 |
| Þvottaefni hvítt, 1kg | 399 |
| Þvottaefni color, 1kg | 399 |
| Taumýkir, 1 l | 219 |
| Dömubindi Normal, 40stk. | 239 |
| Dömubindi m/v., 14stk. | 199 |
| Bómull, 200g | 359 |
| Vasaklútar, 10pk | 139 |
| Handsápa, 500ml | 199 |
| Sturtusápa, 500ml | 229 |
| Tannkrem, 125g | 179 |
| Sjampó, 500ml | 199 |
| Bómullarskífur, stk | 159 |
| Eyrnapinnar, 200 stk | 99 |
| Hárlakk, 300ml | 279 |
| Hárfroða, 150ml | 269 |
| Innlegg, 50 stk | 199 |
| Handsápa, 3 x 85g | 159 |
| Bökunarpappír, 20m | 359 |
| Plastfilma, 60m | 199 |
| Plastpokar, 3 x 30 | 299 |
| Frysti-suðu-míkróp., 75 stk. | 199 |
| WC pappír, 8 rúllur | 389 |
| Eldhúsrúllur, 4 stk. | 379 |
| WC klósetthreinsir, 750 ml | 229 |
| Mjólkurduft í kaffi, 250g | 259 |
| Kakómalt, 1 kg | 398 |
| Kaffifilter, 200 stk | 279 |
| Lasagna plötur, 500g | 199 |
| Pastaskrúfur, 500g | 129 |
| Spaghetti, 1 kg | 229 |
| Suðuhrísgrjón 4 ... | 239 |
| Forsoðin ... | |
| P... | |

**198** kr/pk.



**KOSSAR**
200g

**379** kr/pk.



**KARTÖFLUFLÖGUR**
m. salti, 400g

**279** kr/pk.



**MARÍUKEX**
600g

**139** kr/pk.



**HAFRAKEX**
400g

**249** kr/stk.



**SAFAR 1,5l**
appelsínu, epla og ananas

**459** kr/stk.



**HUNANG**
450g

**398** kr/pk.



**KAKÓMALT**
1kg

**199** kr/pk.



**KORNFLEX**
500g

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

www.markhonnun.is

**199** kr/pk.



**LASAGNE**
500g

**129** kr/pk.




**PASTASKRÚFUR**
500g

**319** kr/stk.



**PASTASÓSA M/BASIL**
690g

**199** kr/pk.



**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
2 stk.

**119** kr/stk.



**MAÍSKORN**
300g

**399** kr/pk.



**FRANSKAR KARTÖFLUR**
1kg

**298** kr/stk.



**MATAROLÍA RAPS**
1l

**179** kr/stk.



**ANANAS Í SNEIÐUM**
567g

**119** kr/pk.



**BRAUÐRASP**
500g

**189** kr/pk.




**HVEITI**
2kg

**119** kr/pk.




**RÚSÍNUR**
250g

**179** kr/pk.



**KAFFIPOKAR, 102**
óbl. 200stk.

**279** kr/pk.



**KAFFIFILTER, 104**
óbl. 200stk.

**299** kr/pk.



**PLASTPOKAR, HVÍTIR**
3 x 30 stk.

**199** kr/stk.




**PLASTFILMA**
60m

**199** kr/stk.



**SJAMPÓ**
500ml

**229** kr/stk.



**WC HREINSIR**
750ml

**389** kr/pk.




**WC PAPPÍR**
8 rúllur

**379** kr/pk.



**ELDHÚSRÚLLUR**
4 rúllur

**199** kr/stk.



**HANDSÁPA**
500ml

Birt með fyrirvara um prentvillur

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sökudólgar sitja fast.

## Réttlæti þeirra ríku og voldugu

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Embættismaður liggur undir grun um að hafa nýtt sér trúnaðarupplýsingar til að bjarga eigin skinni með sölu á hlutabréfum í banka. Hann er viðfangsefni í opinberri umræðu og sætir nú öðru sinni opinberri rannsókn grunaður um innherjaviðskipti. Hann situr sem fastast og þverneitar að láta af störfum þótt almenn réttlætiskennd boði að honum verði vikið tímabundið úr starfi. Ráðherrann sem hefur hann í vinnu hikar við að taka á málinu og embættismaðurinn virðist ekki skilja stöðu sína. Stjórnkerfið megnar ekki að fylgja reglum sem víðast hvar þykja sjálfsagðar.

Og fram spretta einstaklingar í atvinnurekstri einkageirans sem réttlæta þessa stöðu, þótt engum í þeirra rekstri myndi líðast að sitja undir grun um að hafa skarað eld að sinni köku á kostnað vinnuveitanda síns.

Úr röðum atvinnurekenda heyrast sífelldar raddir þess efnis að einstaklingar sem hafa átt í ofkeyrslu í rekstri og sýnt háskalega vangá í meðferð fjármuna hluthafa skuli ekki gjalda þess framferðis: hættum nornaveiðum segja þeir. Enginn þeirra myndi hafa slíka óreiðumenn í starfi sem uppvísir yrðu að stórkostlegum mistökum í þeirra eigin fyrirtækjum, mistökum sem gætu hafa kostað stóran fjárhagslegan skaða á þeirra eigin sjóðum.

Bankastofnanir eru um þessar mundir að veita fyrirtækjum með bærilega veltu framhaldslíf þótt sitjandi stjórnendur þeirra hafi á liðnum misserum sýnt fádæma vangæslu við stjórf sín, hleypt fyrirtækjum sínum í ofsalegar skuldir og viðvarandi rekstrarvanda, jafnvel rekstrarstöðvun, ef almennar reglur um ábyrgð ættu að gilda.

Það er ekki sama Jón og Séra Jón, var einhvern tíma sagt.

Á sama tíma er smælingjum refsað snögglega: eignir hirtar af einstaklingum, farið fram af hörku gegn þeim sem misnota opinber styrkjakerfi í smáu – en ekki þeim sem hafa misnotað önnur opinber kerfi í stóru. Þjóðin er að falla í sögulegt missætti þeirra sem höfðu völd og eignir og hinna sem báru svo lítið úr býtum að þeir áttu rétt fyrir húsaskjóli og bærilegri framfærslu sín og sinna.

Þetta er gömul saga – og ný. Yfirgangur hinna voldugu er eins og rauður þráður gegnum alla okkar sögu, frá því okkur bar hingað, flóttamenn frá suðlægari löndum – sem okkur gleymist gjarnan þegar aðra flóttamenn ber hingað nú.

Óréttlæti kemur mönnum í koll. Og verði það að viðtekinni venju í langan tíma brestur sá samfélagssáttmáli sem við viljum halda. Það réttlætir ekkert sérgæði til handa þeim sem hafa brotið gegn almannaheill. Hvort sem stolið er sauðarkrofi úr hjalli eða heilli hjörð. Og það sem meira er: sá sem sótti mat í hjallinn á sér oft ríkari málsbætur en hinn sem hirti hjörðina.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fyrir konur

Iðnaðarráðherra hefur þegið boð Women's Forum for the Economy and Society um þátttöku í pallborðsumræðum um framtíðarvöxt í Evrópu á alþjóðafundi samtakanna í Frakklandi. Þetta kemur fram á heimasíðu iðnaðarráðuneytisins. Þar kemur einnig fram að fundinn sæki þúsundir kvenna úr stjórnmálum, viðskiptum og stjórnsýslu. Enn fremur kemur fram að sumir kalli þennan fund „Davos fyrir konur", og er þar átt við árlega heimsviðskiptaráðstefnu í samnefndum bæ í Sviss. En hvað á iðnaðarráðuneytið við með því að ráðstefnan í Frakklandi sé „Davos fyrir konur"? Að Davos sé ekki fyrir konur?



### Farið hefur blogg betra

Eftir að nýir ritstjórar voru ráðnir á Morgunblaðið hafa ófáir bloggarar sagt skilið við Moggabloggið og róið á önnur mið – oftar en ekki með kraftmiklum kveðjuorðum. Margir þeirra hafa notað tækifærið á nýjum vettvangi og lýst því yfir að án þeirra eigi Moggabloggið ekki langt eftir. Stolt þessara sjálfskipuðu burðarveggja bloggveitu Moggans hlýtur því að hafa særst pínulítið, þegar þeir rýndu í nýjustu tölur vefmælingar Modernus; heimsóknum á Moggabloggið hefur fjölgað á milli vikna.

### Kjarni málsins

Vefþjóðviljinn hefur yfirleitt allt á hornum sér varðandi fjölmiðla. Að þeirra mati eiga fjölmiðlar til dæmis iðulega erfitt með skilja kjarnann frá hisminu, heldur missa sig einatt í einhverjum sparðatíningi. En Vefþjóðviljinn veit einatt betur. Það á til dæmis við um fréttir af því að sérstakur saksóknari er með viðskipti Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, á sínu borði. Það er engin frétt að mati Vefþjóðviljans. Ef Baldur er til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara þá er Baldur bara til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. Stóra spurningin er hins vegar þessi: Hvernig komust fjölmiðlar á snoðir um þessar upplýsingar?

**bergsteinn@frettabladid.is**



# Háskólinn



**EIRÍKUR BERGMANN**

**Í DAG** | Hlutverk háskóla

Á uppgangstíma efnahagslífsins óx háskólakerfið með sama ógnarhraða og mörg önnur svið samfélagsins. Samkeppni varð boðorð dagsins og háskólarnir hófu að keppa hver við aðra um nemendur. Samkeppnin átti í orði kveðnu að auka gæði og fjölbreytni í háskólastarfi. En jafnvel þótt slíku sé haldið fram í hátíðarræðum hygg ég að flestir sem hafa starfað við háskólakennslu á Íslandi lengur en áratug viti mætavel að námskröfur hafa stöðugt minnkað eftir því sem kló samkeppninnar hefur gripið þéttar. Þetta á jafnt við í öllum skólunum, ríkisskólum sem öðrum, enda tilkomið af kerfislægri skekkju og varð meðal annars til með því reikningslíkani sem skiptir opinberu fé á milli háskóla landsins.

Kerfið bókstaflega hvetur skólana til að kenna í risastórum hópum og fjöldaframleiða prófskírteini burt séð frá gæðum menntunarinnar. Smám saman þrýstir samkeppnin öllu í sama farveginn. Við þessari þróun þarf að sporna. Þess vegna er sú umræða sem nú fer fram um hagræðingu í háskólakerfinu einkar tímabær og mikilvægt að vel takist til. Þrátt fyrir mismunandi rekstrarform er hérlent háskólastarf að mestu fjármagnað af opinberu fé og snertir því allt samfélagið.

Vissulega er margt vel gert en okkur hefur eigi að síður borið af leið. Eins og á við um mörg önnur svið samfélagsins urðu háskólarnir viðskiptavæðingu samfélagsins að bráð. Í stað þess að einbeita okkur að því grundvallarverkefni að skapa og miðla þekkingu fór starfsemin í auknu mæli að snúast um markaðssetningu. Allt í einu átti atvinnulífið að kosta prófessorsstöður og heilu rannsóknasetrin. Háskólarnir voru seldir athafnamönnum á kostakjörum. Ég minnist til að mynda fundar um stöðu háskólasamfélagsins fyrir tveimur árum. Menn virtust sammála um að háskólarnir ættu fyrst og síðast að þjóna þörfum atvinnulífsins, undirbúa nemendur undir störf í atvinnulfinu. Því þyrfti að kortleggja þörf fyrirtækjanna fyrir sérhæft starfsfólk og miða starf háskólanna að því. Þegar einmanna gagnrýnin rödd spurði hvað þetta „atvinnulíf" nú eiginlega væri var svarið góðlátlegur hlátur, spurningin þótti svo vitlaus.

En hvert er hlutverk háskóla? Er það einvörðungu að undirbúa nemendur undir tiltekin störf? Háskólinn er ein elsta stofnun vestrænna samfélaga, jafnvel eldri en kirkjan í vissum skilningi. Lengst af var hlutvek háskólanna að leita þekkingar, gagnrýna ríkjandi viðhorf og leita sannleikans. Þekkingin var álitin hafa gildi í sjálfri sér óháð hagsmunum dagsins. Af þessu höfum við því miður misst sjónar. Okkur sem störfum í háskólunum ber nú að finna réttu leiðina í átt að betra háskólakerfi, samfélaginu öllu til hagsbóta.

Fámennið er auðvitað takmarkandi, í samanburði við önnur lönd ber Ísland tæpast einn háskóla í merkingunni Universitas. Dramb um að íslenskir háskólar verði meðal þeirra bestu í heimi þjónar því engu öðru en uppblásinni þjóðrembu og er ekkert nær sannleikanum en þegar við héldum að íslenskir bankamenn væru öðrum fremri. Verkefnið nú er að búa til gott háskólakerfi sem styður við heilbrigt samfélag og hjálpar nemendum við að takast á við sjálfa sig, lífið og tilveruna.

Að mínu viti þarf að byggja hér upp háskólakerfi sem grundvallast á samvinnu milli skóla en ekki aðeins á endalausri samkeppni, sem stundum verður hreinlega eyðileggjandi afl. Í stað þess að fara í sífellu inn á svið hvers annars gætu háskólarnir til að mynda boðið upp á sameiginlegar námsbrautir. Til að tryggja fjölbreytni þurfa stjórnvöld að hafa forystu í því að koma á skynsamlegri verkaskiptingu og kerfisbundinni samvinnu milli ólíkra háskólastofnana.

Hugsanlega mætti sameina yfirbygginguna allra háskólanna í eina sameiginlega stofnun en viðhalda kennslu og rannsóknastafi áfram í sjálfstæðum stofnunum. Háskóli Íslands samanstendur eftir nýlega breytingu af fimm sviðum sem hver og ein gæti verið sjálfstæður skóli innan sameiginlegrar stofnunar sem einnig næði til annarra háskólastofnana. Háskólinn á Bifröst hefur þá sérstöðu að kenna fámennum hópum og byggja á fjölbreyttum verkefnum.

Þrátt fyrir ólíka kennslufræði óttast ég ekki afdrif svoleiðis skóla innan háskólakerfis sem byggir á kerfisbundnu samstarfi.

*Höfundur er dósent í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst og hefur kennt við ellefu háskóla í sjö löndum.*

# Framboð og eftirspurn

**UMRÆÐAN**

Silja Bára Ómarsdóttir skrifar um vændi og ábyrgð



SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR

Síðastliðinn föstudag birtist frétt á Lögregluvefnum um að vísbendingar séu um að skipulögð glæpastarfsemi færist í vöxt hér á landi [http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat_id=81&module_id=220&element_id=14546]. Það er vissulega ástæða til að fagna því að lögreglan veki athygli á þeim glæpum sem eiga sér stað hér og byggja á nauðung fólks, en þegar snýr að mansali til kynferðislegar misneytingar er aðallega um konur að ræða. Bæði karlar og konur eru seld mansali til nauðungarvinnu af öðru tagi. Í umræddri frétt mátti lesa að: „Í höfuðborgum nágrannalandanna [hafi]erlendar vændiskonur, sem leita viðskiptavina á götunni, valdið margvíslegum vanda á undanliðnum árum." Þó má skilja næstu setningar þannig að götuvændi endurspegli þaulskipulagða glæpastarfsemi sem erlendir glæpaflokkar halda uppi, oft með aðstoð heimamanna. Spurningin vaknar því, hvort það séu vændiskonurnar, eða þeir glæpamenn sem „gera þær út" sem valdi vandanum?

Hugsunin sem endurspeglast í ofangreindri tilvitnun gengur algjörlega á skjön við undirliggjandi markmið íslenskra, norskra og sænskra laga um vændi. Hin svokallaða sænska leið, sem hefur verið innleidd bæði á Íslandi og í Noregi gerir kaup á vændi refsiverð, en ekki sölu. Þar er gengið út frá því sem rannsóknir sýna, að stór hluti þeirra sem eru í vændi eru þar ekki af fúsum og frjálsum vilja. Vandinn, og það sem þarf að uppræta, er eftirspurnin. Henni svarar skipulögð glæpastarfsemi með flutningi kvenna yfir landamæri, þar sem þær stunda vændi í ánauð. Yfirlýsing lögreglunnar hins vegar gerir því sjónarmiði hátt undir höfði að vændiskonurnar séu vandinn, en hvorki sú skipulagða glæpastarfsemi sem setur þær á göturnar, né eftirspurn þeirra sem kaupa sér aðgang að líkömum þeirra.

Greiningardeild lögreglustjóra ber ábyrgð á því að setja upplýsingar fram á þann hátt að ábyrgð sé lögð á rétta aðila í umfjöllun um jafnmikilvægt málefni og hér um ræðir. Ábyrgð embættisins á þessu sviði er rík, enda var umrædd tilvitnun tekin óbreytt og gagnrýnislaust upp af flestum fjölmiðlum á landinu, sem gerir það að verkum að umræðan og meðvitund almennings litast af þessu sjónarmiði. Það er von mín að bæði lögregluembætti landsins og fjölmiðlar hugi að þessu í áframhaldandi umræðu um mansal og vændi á Íslandi.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**AÐVENTUFERÐIR** gefa fólki kost á að upplifa borgir í Evrópu á allt annan hátt. Þá spretta upp jólamarkaðir, bæir skarta sínu fegursta og ilm frá jólaglöggi og ristuðum hnetum liggur í loftinu. Slíkar ferðir má fara á eigin vegum eða til dæmis með Bændaferðum, www.baendaferdir.is.






Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



Umhverfisvænn frostlögur
FERNOX MAKES WATER WORK
fyrir hita og kælikerfi
- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni – umhverfisvænt
- Léttir dælingu
Heildsöludreifing • Skemmuvegur 10 • Sími 567 1330 • www.hringas.is
Hringás

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot
- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt
Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið




Martin Leifsson fór til Frakklands á vegum verkefnisins European Voluntary Service sem styrkt er af Evrópusambandinu. Hann mælir með því að ungt fólk prófi að búa erlendis í einhvern tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Á puttanum upp í Alpa

**Martin Leifsson dvaldi í heilt ár í Suður-Frakklandi þar sem hann starfaði sem sjálfboðaliði. Hann ráðleggur ungu fólki eindregið að prófa að búa á eigin vegum í útlöndum, það sé þroskandi reynsla.**

„Ég mæli heils hugar með því að ungt fólk prófi að búa erlendis í einhvern tíma. Það er mjög þroskandi að fara einn, kynnast nýju landi og læra tungumálið,“ segir Martin Leifsson, upplýsingafulltrúi hjá franska sendiráðinu. Martin dvaldi í eitt ár í Suður-Frakklandi fyrir nokkrum árum þar sem hann starfaði sem sjálfboðaliði.

Martin fór til Frakklands á vegum verkefnisins European Voluntary Service (EVS), sem styrkt er af Evrópusambandinu. Í því gefst ungu fólki, í þessu tilfelli þeim sem eru milli 18 og 30 ára, færi á að gerast sjálfboðaliði í Evrópulandi í ákveðinn tíma, oftast í fjóra til tólf mánuði. Störfin sem unnin eru af sjálfboðaliðunum eru fjölbreytt og geta tengst umhverfinu, menningu, vinnu með ungu eða eldra fólki eða íþróttum.

„Ég átti eitt ár eftir af menntaskólanum og langaði einfaldlega til að prófa einn vetur án skóla og komast til útlanda til að viðra mig aðeins. Þá komst ég að því að þetta sjálfboðaverkefni stóð til boða,“ segir Martin. „Sjálfboðaliðarnir fá styrk frá upphafi til enda, flug, uppihald og tryggingar allt í einum pakka. Ég vann mest í ýmiss konar umhverfisstörfum en líka með börnum. Þetta var mjög áhugaverð og þroskandi reynsla.“

Martin bjó í litlu þorpi í Suður-Frakklandi, nálægt borginni Nimes sem liggur mitt á milli Avignon og Montpellier, ekki langt frá ströndinni. „Við bjuggum nokkur saman og það var mikill umgangur af fólki frá öllum þjóðum. Ég kynntist meðal annars sjálfboðaliðum frá Ítalíu, Spáni, Suður-Kóreu, Þýskalandi, Perú og fleiri löndum,“ segir Martin.

Sjálfboðaliðunum gafst þó tími til að ferðast og kanna landið milli þess sem þeir sinntu störfum sínum. „Við höfðum ekkert allt of mikla peninga milli handanna þannig að ég tók mig til og fór á puttanum upp í Alpana, til Lyon og fleiri staða. Það var mjög skemmtilegt að kynnast landinu og mikið var af fjölbreyttu landslagi. Ég hafði lært frönsku í menntaskóla en kunni þó ekki mikið. Eftir dvölina var ég farinn að geta bjargað mér vel á frönskunni.“

Í vor sem leið útskrifaðist Martin úr stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. „Ég frétti af starfinu í sendiráðinu og sótti um. Mér líkar vinnan mjög vel og það er gaman að geta nýtt sér frönskukunnáttuna á hverjum degi,“ segir Martin Leifsson.

Áhugasamir geta kynnt sér EVS-verkefnið á heimasíðu Alþjóðlegra ungmennaskipta, aus.is.

*kjartan@frettabladid.is*


Jeppadekk - Heilsársdekk - Nagladekk
Mundu eftir að finna
besta verðið
áður en þú kaupir þér dekk
-15%
AFSLÁTTUR
Sýndu fyrirhyggju - ekki lenda í biðröð
ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14
BÍLKÓ
BÍLKÓ | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110
Þjónustumiðstöð bílsins

# ;Á FERÐINNI

**LJÓSMYNDASAMKEPPNI** Ferðafélags Íslands er öllum opin. Hver keppandi skal ekki senda fleiri en þrjár myndir á netfangið fi@fi.is. Skilafrestur er til 1. desember. www.fi.is





Auður og Bjarnfríður stilltu sér upp með Benedikt úr Bílabúð Benna í léttri jeppaferð sem farin var á vegum búðarinnar á dögunum.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Finnst gaman að geta farið út af malbikinu

**Auður Ásdís Sæmundsdóttir er á níræðisaldri en þykir ekki tiltökumál að skella sér í léttar jeppaferðir. Hún og æskuvinkona hennar, Bjarnfríður Leósdóttir, hafa þannig kannað landið saman í fjölda ára.**

Auður Ásdís Sæmundsdóttir vakti athygli blaðamanns á dögunum þegar hann var í jeppaferð Bílabúðar Benna. Þá var Auður á ferð með vinkonu sinni Bjarnfríði Leósdóttur á forláta Musso-jeppa. Þetta þætti kannski ekki í frásögur færandi ef þær vinkonur væru ekki báðar á virðulegum aldri, komnar vel á níræðisaldurinn. „Við Bjarnfríður höfum verið vinkonur frá því að við munum eftir okkur og höfum alltaf verið tilbúnar að fara eitthvert svona saman,“ segir Auður hress í bragði en þykir hálf hjákátlegt að það þyki fréttnæmt þótt hún bregði sér í smávægilegan jeppatúr. „Það er sko ýmislegt sem maður getur gert þó að maður sé kominn yfir áttrætt,“ segir hún með áherslu.

Auður hefur átt jeppa í mörg ár. Fyrst Bronco þegar hún og maður hennar voru búsett í sveit, síðar lítinn Suzuki-jeppa og síðustu ellefu árin hefur Musso-jeppinn þjónað Auði vel. Á honum hefur hún farið víða enda nýtur hún þess að skoða landið. „Mér finnst rosalega gaman að geta farið út af malbikinu þangað sem ekki allir bílar komast,“ segir hún glaðlega. Hún tekur þó fram að jeppamennskuna stundi hún ekki grimmt en það komi þó fyrir. „Svo fer ég nú aldrei ein í slíkar svaðilfarir,“ bendir hún á og kýs heldur að hafa fleiri bíla með þannig að hægt sé að fá hjálp ef eitthvað kemur upp á. „Og þó,“ bætir hún við hugsi, „ég fór einu sinni einbíla inn Skorradal að sunnanverðu og það var nokkuð slæmur vegur,“ segir hún.

Þó að Musso-jeppinn hafi reynst Auði vel hefur hún þó ekki treyst honum á jökla. „Ég hef þó farið á jökla með sonum mínum sem eru á stórum bílum,“ segir Auður sem hefur farið á jökla á borð við Langjökul, Eyjafjallajökul og Mýrdalsjökul. „Það hefur mér þótt óskaplega gaman.“

Auður og Bjarnfríður vinkona hennar hafa báðar mikinn áhuga á náttúru Íslands og hafa ferðast víða í gegnum tíðina. Hún minnist sérstaklega einnar ferðar sem þær Bjarnfríður fóru á Musso-jeppanum í samfloti með fleira fólki. „Þá fórum við upp með Langá að vestanverðu og yfir Sópandaskarð og það var sko jeppavegur í lagi,“ segir Auður og hlær hjartanlega.

Innt eftir því hvort hún eigi sér einhvern uppáhaldsstað á landinu svarar hún því til að þeir séu það margir að erfitt sé að velja. „Þórsmörkin er þó alveg dýrðleg en þangað keyrði ég nú einu sinni sjálf,“ segir hún og fannst lítið mál að eiga við straumharðar árnar.

*solveig@frettabladid.is*


TILBOÐ - TILBOÐ



Teg. Active - sundbolur í D,DD,E,F,FF,G skálum og miklu aðhaldi aðeins kr. 3.500,-



Teg. Romance - BH í D,DD,E,F,FF,G skálum á aðeins kr. 3.000,-

MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
opið mán-fös 10-18, lau 10-14




Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki










Rope Yoga
Námskeið hefjast 26. október
Bjóðum upp á átta byrjendanámskeið,
eitt lyftingarnámskeið og ástundundunartíma




www.elin.is Bæjarhraun 2 Hfj. sími 696-4419

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Geymslu- og dekkjahillur




í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Falleg og björt stúdíóíbúð á 3.hæð, svæði 105 Rvk til sölu. Nánari uppl í síma 6946541

Til leigu 2-3 herbergja rúmgóð íbúð á neðri hæð við Hrauntungu í Kópavogi. Upplýsingar í s: 699 1056.

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 56 þ. Eldri en 25 ára, barnlaus. F. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

Til leigu nokkur herb. í 101 Rvík. m/aðgang að eldhúsi, baði, þvottaaðs. m/adsl. V. 30-40 þús. S. 849 8992

Til leigu herb. í Álftamýri. Reglusemi áskilin. S. 865 9637.

Til leigu 138 fm nýlegt raðhús m/innb. bílskúr í Keflavík. Leiga 138þ. Laus strax. Nánar á gudjon@utf.is

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

HERB.TIL LEIGU MEÐ HÚSG. 8-20FM. VERÐ FRÁ 35.000 Á MÁN. LEIGUTÍMI FRÁ EINNI VIKU EÐA LENGUR. SJÁ WWW.HOTELFLOKI.IS BJARNI S. 660 7799.

## Húsnæði óskast

Lítið einbýlishús, ca 70-110 fm, óskast til leigu í nágrenni Reykjavíkur.'Abyrgir leigjendur, öruggar greiðslur.s:483 1041

Fjölskylda óskar eftir 3 herb. íbúð í Norðlingaholti. Reglusemi og skilvísi. S. 690 7713

'Oska eftir herbergi/íbúðarh. til leigu. Skilvísar greiðslur Sími 661-4832

Vantar 4 herbergja íbúð eða hús gr. geta.120 - 140 þ. Reglusöm og róleg ekkert vesen :) Hanna. 7713424

## Atvinnuhúsnæði

IDNADAR-/FISKVINNSLUHÚSNÆÐI Í SANDGERÐI TIL SÖLU/LEIGU. UPPL. I SIMA 822-6181 EDA Á ASDF@MITT.IS

Lager/geymslu- og skrifst.húsnæði laust í Ármúla. 694 3113, leiga.armuli@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**Gámahús!**
Til sölu og leigu
bæði ný og notuð



Endalausir möguleikar
HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Sími: 535 2550

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Sparaðu þér sporin Upphituð geymsla fyrir bíla, ferðavagna, mórorhjól og báta í pósnúmeri 105 Reykjavik. Uppl í síma 824-8425

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

40% afsláttur af gistingu út október vegna framkvæmda. Reykjavík Bed & Breakfast Grensásvegi 14 s. 588 0000 www.rbb.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál



**Samkynhn. KK ath.**
Á Rauða Torginu Stefnumót er mikið um nýjar auglýsingar samkynhneigðra karla. Þú auglýsir frítt í s. 535-9923 en hlustar á auglýsingar í s. 905-2000 eða 535-9920.



**Leitar þú ævintýra?**
Notaðu Rauða Torgið Stefnumót eins og tugir kvenna sem leita ævintýra! Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar heyra og svara auglýsingum kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur 908 1616**
opið fyrir Vodafone & Tal

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna Atvinna**
**Starfsmaður óskast á þjónustuborð í 100% stöðu.**
**Allar nánanir upplýsingar gefur Njáll í síma 820-8004 eða á staðnum.**
**Rúmfatalagerinn Smáratorgi.**

PORTIÐ

**Nýtt veitingahús í Kringlunni.**
**Portið Veitinga og kaffihús óskum eftir vönum aðstoðarmanni í eldhús, þarf helst að hafa reynslu að matargerð og bakstri. Við leitum að heiðarlegum, áreiðanlegum og stundvísum starfskrafti sem getur hafið störf sem fyrst.**
**Aðeins íslensku-mælandi umsækjendur koma til greina**
**Áhugasamir sendi umsókn á portid@portid.is eða hafið samband við Ivar s.867-3492**

**Veitingahús í Kópavogi**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 28+.**
**Upplýsingar í síma 894 0292.**

**Geysir - Bistró bar Aðalstræti 2**
**Erum að leita af röskum og skipulögðum kokki til starfa með okkur, vaktarvinna.**
**Upplýsingar veitir Birgir í s. 517 4300**

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljúf

**Lækjarbrekka**
**Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í matreiðslu.**
**Upplýsinga veitir Steinunn, 865 5146 milli 10-12 og 14-17 eða steinunn@laekjarbrekka.is**

Sódóma og Bar 11 óskar eftir dyravörð- um og barþjónum, ekki undir 20 ára. Uppl. í s. 695 5676 milli kl. 14-17

**Yndislegar símadömur ó**
Rauða Torgið leitar samstarfs við djarfar og skemmtilegar símadömur. Góðir tekjumöguleikar fyrir duglegar. Frjáls vinnutími. Aldur 25+. Nánar á www.RaudaTorgid.is.

Saffran Dalvegi er í leit af þjónustu fólki með reynslu, um er að ræða vaktstjórn á kvöldin og um helgar. Eingöngu 24 og eldri koma til greina. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir sendist á haukur@saffran.is

Húsasmíðameistari óskar eftir smiðum við nýsmíði og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarii.Vinnutími frá 07-13/13-18.30. Helena simi: 699-5423

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Viðskiptatækifæri

Frábært þóknunarkerfi. Miklir tekjumöguleikar. Áhugasamir hafi samband bjornelmar@hotmail.com

## Atvinna

MOSFELLSBÆR
Lágafellsskóli

### Lágafellsskóli Mosfellsbæ

*Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfulla skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND eru höfð að leiðarljósi.*

Þroskaþjálfi, sálfræðingur eða sérkennari óskast til starfa frá 1. desember.

Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á einhverfu.

Laun samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir sendist á netfangið: efemia@lagafellsskoli.is

Upplýsingar veitir: Efemía Gísladóttir skólastjóri í síma 5259200/6185149.

Vertu með!

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

### Forsætisráðuneytið auglýsir embætti skrifstofustjóra á skrifstofu löggjafarmála laust til umsóknar.

Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti skrifstofustjóra á skrifstofu löggjafarmála skv. nýju skipuriti fyrir forsætisráðuneytið sem staðfest var af forsætisráðherra 30. september sl. og tók gildi 1. október sl. Skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu skal fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nánari upplýsingar um nýtt skipurit forsætisráðuneytisins og um verksvið skrifstofustjóra á skrifstofu löggjafarmála má finna á heimasíðu ráðuneytisins http://www.forsaetisraduneyti.is/.

Umsækjendur skulu hafa lokið embættisprófi eða meistaraprófi í lögfræði og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á sviði stjórnsýslu og löggjafarmála. Gerð er krafa um stjórnunarhæfileika, hæfni í mannlegum samskiptum og góða færni og kunnáttu í íslensku og ensku.

Í umsókn um embættið skal greina frá nafni, kennitölu og heimilisfangi umsækjanda auk þess sem veita skal ítarlegar upplýsingar um menntun viðkomandi, starfsferil og reynslu.

Umsóknarfrestur er til 26. október nk.
Vinsamlega sendið umsóknir og starfsferilskrár til forsætisráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, eða á netfang ráðuneytisins postur@for.stjr.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins.

## Fasteignir

**VALHÖLL**
**FASTEIGNASALA**
*Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479*

### Dragháls 12- Reykjavík.



Valhöll fasteignasala Síðumúla 27 kynnir, vel staðsett atvinnu- og skrifstofuhúsnæði við Dragháls í Reykjavík. Eignin sem er á tveim hæðum, skiptist í neðri-hæð sem er rúmir 521 fm. með stórum aðkeyrsludyrum og mikilli lofthæð. Efri-hæðin er u.þ.b. 200 fm. Sér inngangur er fyrir efri hæð frá hlið hússins. Stór lóð er í kringum húsið með malbikuðubílaplani. Góð áhvílandi lán geta fylgt. Óskað er tilboða í eignina. **Allar frekari uppl.um eignina gefur Páll Höskuldsson, s: 864-0500 eða pall@valholl.is**

**Ingólfur Gissurason lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

## Fundir / Mannfagnaður

ADHD samtökin

### Fræðslufundur
ADHD samtakanna
22. október

Á fræðslufundi ADHD samtakanna fimmtudaginn 22. október kl. 20 mun Kristín Lilliendahl aðjúnkt við Menntavísindasvið HÍ fjalla um „Nemendur með ADD og reynslu þeirra af grunnskólagöngu sinni". Fyrirlesturinn verður í Safnaðarheimili Háteigskirkju, gengið inn frá bílastæðinu.

Allir velkomnir!

## Námskeið

NÁMSFLOKKAR HAFNARFJARÐAR

### Námskeið fyrir dagforeldra

Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöðvar símenntunar í Hafnarfirði býður upp á starfsréttindanámskeið fyrir verðandi dagforeldra samkvæmt gildandi reglugerð félagsmálaráðuneytisins um daggæslu barna í heimahúsum. Áformað er að námskeiðið muni hefjast í byrjun nóvember. Markmiðið með námskeiðinu er að veita hnitmiðaða og vel uppbyggða fræðslu um m.a. uppeldi og umönnun barna, þarfir þeirra og þroska, barnasjúkdóma, slys í heimahúsum og fyrstu hjálp, eldvarnir og öryggi barna.

Skráning fer fram hjá dagvistunarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags.

Ath! Námskeiðið er einnig í boði fyrir staði á landsbyggðinni í formi fjarfunda ef þess er óskað.

Námskeiðið er háð ákveðinni lágmarksþátttöku.

Frekari upplýsingar í síma 585-5860

ALFRED NOBEL (1833-1896) FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1833.

*„Ef ég fæ þúsund hugmyndir og ein af þeim er góð þá er ég ánægður.“*

***Nobel var sænskur efnafræðingur og uppfinningamaður. Hann uppgötvaði dínamít og var eigandi vopnaverksmiðjanna Bofors. Hann kom Nóbelsverðlaununum á.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. OKTÓBER 2006

## *Hellisheiðarvirkjun gangsett*

Hellisheiðarvirkjun var formlega gangsett þennan dag árið 2006. Í tilefni gangsetningarinnar fluttu Geir H. Haarde forsætisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, Masafumir Wani frá Mitsubishi-verksmiðjunum og Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, ávörp.

Hellisheiðarvirkjun er jarðvarmavirkjun á sunnanverðu Hengilssvæðinu. Virkjað er með því að bora um 30 borholur, að jafnaði 2.000 metra djúpar. Úr holunum streymir jarðhitavökvi sem er blanda af gufu og vatni. Þessum vökva er safnað í skiljustöð. Þaðan fara svo gufa og vatn eftir tveimur aðskildum aðveituæðum í stöðvarhús virkjunarinnar. Það er tvískipt, annars vegar rafstöð og hins vegar varmastöð.

Gufan knýr túrbínur til raforkuframleiðslu og fer rafmagnið inn á dreifikerfi Landsnets. Upphaflega var farið í virkjunina í tengslum við samning við álver Norðuráls á Grundartanga um kaup á raforku hennar. Orkuveita Reykjavíkur er eigandi og ábyrgðaraðili Hellisheiðarvirkjunar.



**MERKISATBURÐIR**

**1916** Pétur Ottesen er kjörinn á Alþingi 28 ára gamall. Hann situr á þingi í tæp 43 ár, lengur en nokkur annar.

**1933** Þjóðaratkvæðagreiðsla um bannlögin svonefndu fer fram. Í kjölfar hennar er áfengisbann afnumið.

**1944** Nýsköpunarstjórnin undir forsæti Ólafs Thors tekur við völdum. Aðild að henni eiga Sjálfstæðisflokkurinn, Alþýðuflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn. Hún situr til 4. febrúar 1947

**1988** Listasafn Sigurjóns Ólafssonar er opnað í Reykjavík.

**2005** Íslenska heimildarmyndin Africa United er frumsýnd.

# Netheilræði í grunnskóla



**HVATT TIL SAMRÆÐNA** Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að ræða heilræðin við börnin sín. NORDICPHOTOS/GETTY

SAFT, sem er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi, hefur sent frá sér bækling með tíu netheilræðum í 1. til 4. bekk allra grunnskóla landsins. Í bæklingnum er að finna góð ráð fyrir foreldra til að aðstoða börn og unglinga við örugga tölvu- og netnotkun.

Heimili og skóli stendur að baki verkefninu og eru foreldrar og forráðamenn hvattir til að gefa sér góðan tíma til að ræða heilræðin við börnin. Eins að hjálpa þeim með því móti að nýta sér jákvæðar hliðar netheima og hamla gegn neikvæðum hliðum upplýsingatækninnar.



**TILHLÖKKUN** Guðlaug er sannfærð um að frá og með deginum í dag hefjist eitthvað nýtt og óendanlega spennandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR:** ER LOKSINS ORÐIN FERTUG

# HEFUR BEÐIÐ ÁFANGANS MEÐ MIKILLI EFTIRVÆNTINGU

Leikkonan Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, sem gegnir starfi verkefnisstjóra Viðeyjar, er fertug í dag og hefur hún beðið dagsins með mikilli eftirvæntingu.

„Mér hefur fundist mjög hallærislegt að vera 39 ára og hef eiginlega kynnt mig undir því yfirskini að ég sé að verða fertug allt þetta ár. Mér finnst voðalega þægilegt að áfanganum sé nú loksins náð og þarf því ekki að hafa áhyggjur af þessu meir. Síðan er ég líka svo sannfærð um að frá og með deginum í dag hefjist eitthvað nýtt og óendanlega spennandi og er ýmislegt í kortunum.“

Guðlaug er ánægð með lífið hingað til og hlakkar til að byrja á nýjum kafla. Hún söðlaði um og lagði leiklistina að miklu leyti til hliðar fyrir rúmu ári og er afar ánægð sem verkefnastjóri Viðeyjar. Leiklistin nýtist henni þó í starfi enda er stór hluti af því tengdur viðburðastjórnun og dagskrárgerð sem Guðlaug segir af svolítið svipuðum meiði. Hún segist heldur ekki alfarið vera búin að segja skilið við leiklistina. „Það er alltaf eitthvað sem dettur inn og þá skoða ég það vandlega. Ég notaði til dæmis sumarfríið í fyrra til að leika í kvikmyndinni Reykjavik Whale Watching Massacre og er ekki útséð með það að ég taki að mér fleiri verkefni. Ef af því verður verð ég þó að föndra þau inn í dagskrána með sumarfrísdögunum mínum.“

Guðlaug hefur verið mikið í gríni og glensi og á það vel við hana. „Stelpurnar tókust til dæmis rosalega vel til og er fátt betra fyrir sálartetrið en að geta fengið aðra til að hlæja og skemmta sér.“

Þrátt fyrir að Guðlaug sé fegin því að vera loksins komin á fimmtugsaldur hvarflar ekki að henni að slá upp stórveislu. „Ég ætla að baka „brownee“, sem er mín sérgrein, og bjóða vinkonum mínum, móður og öðrum skyldmennum í kaffi. Frekari plön liggja ekki fyrir en það er þó aldrei að vita hverju vinir mínir taka upp á en þeir draga mig oft út í einhverja vitleysu.“

**vera@frettabladid.is**



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björgvin Sveinbjörn Sighvatsson**

fyrrverandi skólastjóri á Ísafirði,

sem andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 14. október sl., verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 23. október kl. 15.00.

**Jóhanna Sæmundsdóttir**
**Sighvatur, Elín, Björgvin, Rúnar, Bryndís og fjölskyldur.**



†

*Hjartkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Haukur Sigurðsson,**

kennari og vegamælingamaður,

sem lést mánudaginn 12. október, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju föstudaginn 23. október kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Minningarsjóð Eirar kt. 710890 2269 nr. 315 26 171.

**Guðrún Kristinsdóttir**
**Sigurður Þorri Sigurðsson** **Guðrún Elva Arngrímsdóttir**
**Kristinn Rúnar Sigurðsson** **Sigurveig Grímsdóttir**
**Trausti Sigurðsson** **Ingibjörg Jónsdóttir**
**og afabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




†

*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Hlíf Gestsdóttir**

áður til heimilis að Ljósheimum 20

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 18. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Gunnar Sigurgeirsson** **Anna Guðmundsdóttir**
**Vilhjálmur Sigurgeirsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Svala Ingimundardóttir**



†

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Rögnvaldur Þorsteinsson**

Dalbraut 59, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 18. október. Þeir sem vilja minnast hans er bent á krabbameinsfélag Akraness (Model). Jarðaför fer fram 30. október.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar**
**Halldóra Engilbertsdóttir**

# Námskeið um barnauppeldi

Uppeldi á öflugum nótum er yfirheiti námskeiðs á vegum fyrirtækisins Úttekta og úrlausna sem haldið verður 26. október í Digraneskirkju.

Markmið þess er að hjálpa foreldrum að tileinka sér einfaldar og öflugar aðferðir til að ná góðum árangri í uppeldinu.

Kenndar verða aðferðir til að setja börnum skýr mörk án þess að refsa, efla sjálfsmynd og sjálfstraust barna, sigrast á tilfinningalegum hindrunum í vegi árangursríks uppeldis og efla jákvæð samskipti foreldra og barna.

Námskeiðið er byggt upp af stuttum fyrirlestrum, umræðum, hóp- og einstaklingsverkefnum.

Námskeiðið er eins og áður sagði haldið í Digraneskirkju 26. október og stendur frá klukkan 17.30 til 22. Leiðbeinendur eru Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur og Guðmundur Karl Brynjarsson sóknarprestur.

Nánari upplýsingar um námskeiðið er að finna á vefsíðunni www.uttekturlausn.is.



**SKÝR MÖRK** Kenndar verða aðferðir til að setja börnum skýr mörk án þess að refsa þeim. NORDICPHOTOS/GETTY

---



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, stjúpfaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Magnús Ágústsson**
frá Raufarhöfn,

sem lést 18. október, verður jarðsunginn frá Raufarhafnarkirkju laugardaginn 24. október kl. 13.00.

**Kittý H. Magnúsdóttir** **Magnús Waage**
**Ágústa Magnúsdóttir** **Ólafur B. Sigurðsson**
**Anna Eyþórsdóttir** **Guðmundur Jónsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



✝

*Elskulegur frændi okkar,*

**Jóhannes Þorbjarnarson**
Jói á Veggjum, Borgarnesi,

lést á Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi miðvikudaginn 14. október. Jarðarförin fer fram frá Borgarneskirkju föstudaginn 23. október kl. 14.00.

**Systkinabörn og fjölskyldur.**

---



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Hafliðason**
frá Hergilsey,

andaðist á Dvalarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 16. október. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 23. október kl. 11.00.

**Matthildur Kristjánsdóttir** **Jón Már Jakobsson**
**Snæbjörn Kristjánsson**
**Gunnar Kristjánsson**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rósa Geirþrúður Halldórsdóttir**
Rjúpufelli 31, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 13. október á Landakotsspítala, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. október kl. 15.00.

**Rósa Sigríður Sigurðardóttir**
**Þorleifur Már Sigurðsson**
**Dóra Guðný Sigurðardóttir** **Jón Harry Óskarsson**
**Elmar Örn Sigurðsson** **Tinna Sigurðsson**
**Kristján Guðni Sigurðsson**
**Heimir V. Pálmarsson**
**Emil Thorarensen**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

*Okkar innilegustu þakkir til fjölskyldu og vina, sem hafa stutt okkur og styrkt í veikindum og við andlát okkar ástkæra,*

**Sveins Kr. Péturssonar.**

Sérstakar þakkir sendum við Eimskip, læknum og hjúkrunarfólki á 11 B og 11 E Landspítalanum við Hringbraut og líknardeild Landspítalans Kópavogi.

Guð blessi ykkur öll.

**Guðrún Iðunn Jónsdóttir**
**Gunnar Hrafn Sveinsson**
**Hannes Jón Lárusson** **Elke Zimmermann**
**Johanna Björg og Jonathan.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Hinriksdóttir (Gígja)**
Hrafnistu, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. október kl. 13.00.

**Gunnar Örn Hámundarson**
**Hrafnhildur Hámundardóttir** **Erlingur Jóhannsson**
**Kolbrún Hámundardóttir** **Jón Guðnason**
**og fjölskyldur.**

---



✝

*Kær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný Erla Jónsdóttir**
Hjarðarhlíð 5, Egilsstöðum,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt 14. okt. sl., verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 22. okt. klukkan 11.

**Völundur Jóhannesson**
**Anna Ósk Völundardóttir** **Tryggvi Ólafsson**
**Harpa Völundardóttir** **Kristján Guðmundsson**
**Bjarni Óskar og Matja Dise, Guðný Vala, Eyrún Anna, Elín Lára og Ívar**
**Ólafur Gunnar og Völundur Ingi**
**Sigrún Björg, Ásgeir Örn og Ólöf Harpa.**

---



✝

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu,*

**Bylgju Hrannar Nóadóttur**
frá Tálknafirði.

**Fríða Sigurðardóttir** **Nói A. Marteinsson**
**Bjarki Hrafn Ólafsson**
**Hildigunnur Kristinsdóttir**
**Fríða Hrund Kristinsdóttir**
**fjölskyldur þeirra og aðrir vandamenn.**

---



✝

*Móðir okkar,*

**Ingigerður Bjarnadóttir**
frá Andrésfjósum, síðast til heimilis að Sólvöllum, Eyrarbakka,

lést á heilbrigðisstofnun Suðurlands 16. október. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Börnin.**

---



✝

*Ástkær dóttir okkar og systir,*

**Lilja Kjartansdóttir**

lést á barnadeild Hringsins mánudaginn 19. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 28. október kl. 13.00.

**Kjartan Mar Eiríksson**
**Svava Magnúsdóttir** **Halldór Olgeirsson**
**Magnús Guðmundsson**
**Ívar Kjartansson**

---



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Katrín Valtýsdóttir**
Haukanesi 5, Garðabæ,
áður Sogavegi 220,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 16. október. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 2. nóvember kl. 13.00.

**Guðbjörn Guðjónsson**
**Bergþóra Guðbjörnsdóttir** **Karl Ásmundsson**
**Guðbjörn Karlsson** **Julia Karlsson**
**Karl Rúnar Karlsson** **Caitlin Dulac**
**Jóhann Ingi Karlsson**
**og langömmubörn.**

---



✝

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórdís Brynjólfsdóttir, Dúlla,**

sem lést á sjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 6. október, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 23. október kl 13.30.

**Dröfn Þórarinsdóttir** **Sigurður B. Friðriksson**
**Þórunn Sigríður Sigurðardóttir** **Sigurður Pálsson**
**Friðrik Sigurðsson** **Guðbjörg Anna Jónsdóttir**
**Þórdís Rósa Sigurðardóttir** **Rósberg Óttarsson**
**Eva Dögg Sigurðardóttir** **Hákon Melstað Jónsson**
**Sigurður Grétar Sigurðsson** **Harpa Dögg Sigurðardóttir**
**Þórarinn Jakob Þórisson** **Maren Óla Hjaltadóttir**
**Hanna Bryndís Þórisdóttir** **Gunnar Eysteinsson**
**Brynjar Davíðsson** **Gréta Björk Halldórsdóttir**
**Sigurður Heiðar Davíðsson** **Sylvía Dögg Tómasdóttir**
**og langömmubörnin stór og smá.**

---



✝

*Okkar ástkæri,*

**Zakarías Hólm Hjartarson**
fv. deildarstjóri Tollgæslunnar í Keflavík, Grænumörk 2, Selfossi,

andaðist fimmtudaginn 15. október. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 23. október kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Margrét Jónsdóttir**
**Guðbjörg Hólm Zakaríasdóttir** **Poul Brandt**
**Hjörtur Rúnar Zakaríasson** **Hjördís Hafnfjörð**
**Erla Hólm Zakaríasdóttir** **Jón Olsen**
**Kristrún Hólm Zakaríasdóttir** **Friðrik Haraldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# Vinir í veikindum



**NOKKUR ORÐ**
**Freyr Gígja Gunnarsson**

Sonur minn varð hluti af heimsfaraldrinum þegar hann var greindur með svínaflensu. Slíkt óska ég engum miðað við líðan drengsins í þá sjö daga sem flensan gekk yfir. En þegar svoleiðis er ástatt verða foreldrarnir oft að grípa til örþrifaráða til að beina huga barnsins að einhverju öðru en beinverkjum, hálsbólgu og stöðugu nefrennsli. Til að bæta gráu ofan á svart var erfinginn með gin- og klaufaveikina vikuna áður þannig að hann kláraði dýraríkið á hálfum mánuði hvað veikindi varðar.

En að örþrifaráðunum í veikindunum. Því miður [fyrir pabbann] reyndist drengurinn ákaflega hrifinn af Mamma Mia sem Egill Helgason sönglaði með á meðan landið hrundi. Og það kom fyrir að maður neyddist til að setja myndina í tækið klukkan þrjú og fjögur að nóttu til og horfa á Meryl Streep syngja um hina dansandi drottningu. Íþróttaálfurinn reyndist einnig vinur í raun, hann og Solla stirða héldu oft uppi fjörinu í kringum hádegið en þá tóku hinir skrýtnu Stubbar (Teletubbies) við.



Endapunktinum á tveggja vikna veikindunum var svo mætt með Söngvaborg þar sem Sigga Beinteins og María Björk syngja nokkur vel valin barnalög og nokkrir krakkar raula með. Sumir þeirra voru reyndar ekki alveg vissir um hvort þeir ættu yfirhöfuð að vera í myndverinu og einhverjir kusu að bora í nefið á meðan lög um krókódíla, kvef og fiska voru sungin. En skítt með það; þetta reyndust allir vera hinir mestu vinir, bæði Streep, Íþróttaálfurinn og áhugalausu börnin í Söngvaborg, þegar mest á reyndi.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# Joni Mitchell hyllt



**TÓNLIST** Kanadíska söngskáldið Joni Mitchell.

Næstu tónleikar haustannar Jazzklúbbsins Múlans verða haldnir annað kvöld. Á tónleikunum koma fram tvær hljómsveitir. Hljómsveitin Joni Mitchel Tribute hefur leik en hún er skipuð söngkonunni Erlu Stefánsdóttur og eru meðreiðarsveinar hennar Helgi Rúnar Heiðarsson, Hlynur Stefánsson, Ingi Bjarni Skúlason, Sigmar Þór Matthíasson og Örvar Erling Árnason.

Tilefni tónleikanna er að í ár eru liðin 30 ár frá útkomu Mingus-hljómplötu Joni Mitchell sem hún vann með bassaleikaranum Charles Mingus. Hann lést áður en platan var fullkláruð. Á tónleikunum flytur sveitin nokkur lög af þeirri skífu ásamt öðrum lögum úr safni Mitchell í bæði nýjum og eldri djössuðum útsetningum. Þau hefja leik kl. 21.00.

Kl. 22.30 kemur söngkonan María Magnúsdóttir fram ásamt hljómsveit sinni Mama's Bag. María gaf nýlega út sína fyrstu plötu, Not Your Housewife, sem inniheldur 11 lög og texta eftir hana, sem eiga rætur sínar að rekja til R&B, fönks og djass. Ásamt Maríu koma fram Ragnar Árni Ágústsson, Rafn Emilsson, Stefán H. Henrýsson, Kristján Hafsteinsson og Sigfús Ómar Höskuldsson.

Tónleikar Múlans fara fram í Jazzkjallaranum á Café Cultura, Hverfisgötu 18, gegnt Þjóðleikhúsinu, og hefjast þeir kl. 21 - pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Miðvikudagur 21. október 2009

### Tónleikar



**20.00** Flautuleikarinn **Martial Nardeau** flytur verk eftir m.a. J.S. Bach, F. Kuhlau og C. Debussy á tónleikum í **Norræna húsinu** við Sturlugötu.

**20.30** **Papar** halda tónleika í **Saltfisksetrinu** við Hafnargötu 12a í Grindavík. Sérstakir gestir verða **Gylfi Ægisson** og **Bubbi Morthens**. Húsið verður opnað kl. 20.

### Sýningar

**Erlendur Bogason** hefur opnað ljósmyndasýningu í gallerý **LA** (Læknastofa Akureyrar) við Hafnarstræti 97 (6. hæð). Þar sýnir hann ljósmyndir er teknar voru í sjó, vötnum og ám á Norðurlandi. Opin virka daga kl. 9-16.

Í Menningarmiðstöðinni **Gerðuberg** (Gerðubergi 3-5) hefur **Sigurborg Stefánsdóttur** opnað sýninguna **„Línudans á striga“** í kaffihúsinu. Í Boganum stendur yfir sýning **Steinunnar Einarsdóttur**, **„Hún rís úr sumarsænum“**. Opið virka daga kl. 11-7 og um helgar kl. 13-16.

í **Listhúsi Ófeigs** við Skólavörðustíg 5, hefur **Sigurður Örlygsson** opnað sýninguna **„Stiklað á stóru“** þar sem hann sýnir verk sem spanna Íslandssöguna fram að hruni. Opið mán.-fös. kl. 10-18 og lau. kl. 10-18.

### Dans

Opið verður hjá **Þjóðdansafélagi Reykjavíkur** að Álfabakka 14a kl. 20.30-23. Dans og lifandi tónlist. Allir velkomnir.

### Námskeið

**16.00** **Dr. Berglind Guðmundsdóttir** sálfræðingur og **sr. Vigfús Bjarni Albertsson** sjúkrahúsprestur, hafa umsjón með námskeiði um sálgæslu og áfallahjálp sem hefst í dag hjá **Endurmenntun HÍ** að Dunhaga 7. Nánari upplýsingar og skráning á www.endurmenntun.is.

### Umræður

**13.00** Hjá **Alliance Française** við Tryggvagötu 8, gefst fólki kostur á að spyrja og ræða við **Jean Guichard** um náms- og starfsráðgjöf og ræða aðstæður í þeim málum í dag. Allir velkomnir.

### Leikrit

**20.30** Í húsakynnum leiklistardeildar **Listaháskólans** við Sölvhólsgötu 13 verður leiklesið verkið **„Þekking og stúlka“** (Knowledge and a Girl) eftir Howard Baker í þýðingu Kolbrúnar Sigfúsdóttur. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.lhi.is.

### Fyrirlestrar

**12.00** **Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir** ræðir um tilurð skáldsögu sinnar **„Stúlka með fingur“** á fyrirlestri hjá **HÍ**, Háskólatorgi við Sæmundargötu 4 (st. 102). Allir velkomnir.

**12.00** **Helga Kristín Kolbeins** flytur erindið **„Embættismannakerfið í Alþýðulýðveldinu Kína“** hjá **HÍ**, í Lögbergi við Sæmundargötu 8 (st. 201). Allir velkomnir.

**12.00** **Sonja Sif Jóhannsdóttir** fjallar um rannsókn á heilsufari og líkamsástandi sjómanna á fyrirlestri hjá **Háskólanum á Akureyri** að Sólborg v. Norðurslóð (st. 201). Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**





Aðeins örfáar íbúðir í boði!

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum 24. nóvember í 25 nætur á frábæru tilboði. Í boði er m.a. frábært stökktu tilboð þar sem þú bókar flugsæti og gistingu og fjórum dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir (stökktu tilboð með „öllu inniföldu“ jafnframt í boði). Einnig bjóðum við frábær sértilboð á Parquemar og á hinu vinsæla Jardin del Atlantico íbúðahóteli með „öllu inniföldu“ á hreint ótrúlegum kjörum. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað á hreint ótrúlegum kjörum.

Ath. verð getur hækkað án fyrirvara!

Frá kr. 99.900
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi stúdíó/ íbúð í 25 nætur. Stökktu tilboð 24. nóvember. Aukalega m.v. stökktu tilboð með „öllu inniföldu“ kr. 50.000. Aukalega m.v. 2 í stúdíó á Parquemar kr. 20.000. Aukalega m.v. 2 í íbúð á Los Tilos kr. 30.000. Aukalega m.v. 2 í íbúð á Jardin del Atlantico með „öllu inniföldu“ kr. 60.000.

Ný jólaferð!
14 nætur frá kr. 119.500
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 3 börn í smáhýsi með 2 svefnherbergjum á Parquesol.
Tryggðu þér sæti strax!

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

ENNEMM / SIA • NM39227

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Tvöfaldur 1. vinningur

220.000.000
+390.000.000

610.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
610 MILLJÓNIR



Tvöfaldur fyrsti vinningur stefnir í 220 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 390 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 21. OKTÓBER 2009

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA






LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |
| 9 | kl. 6 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6, 9 og 10.10 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 8 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GAMER | kl. 5:50 - 8D - 10:10D | 16 |
| GAMER | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6D | L |
| FAME | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ORPHAN | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SURROGATES | kl. 6 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl. 6D | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 8 | 12 |
| HAUNTING IN CONNECTICUT | kl. 10:40 | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

HTTP://FACEBOOK.COM/BIOMYNDIR

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| GAMER | kl.8:15D - 10:20D | 16 |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6D | L |
| FAME | kl. 8:10D | L |
| ORPHAN | kl. 10:30 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8:20 | 16 |
| DISTRICT 9 | kl. 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6D | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GAMER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SKELLIBJALLA OG TÝNDI FJÁRSJÓÐURINN | kl 6 | L |
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl 6 | L |
| FAME | kl. 8 | L |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| 9 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 5.45 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM L | kl. 5.20 - 10.40 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 8 - 10.15 | 14 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| CAPITALISM MASTERCARD FORSÝNING | kl. 8 MasterCard 2 FYRIR 1 | L |
| JÓHANNES | kl. 7 - 9 - 11 | L |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 | 14 |
| ANTICHRIST | kl. 10.30 | 18 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 -10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 6 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BROKEN EMBRACES | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| JENNIFER'S BODY | kl. 10.20 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 | 14 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |


# Íslendingar skildu ekki Cleese

BBC gefur út endurbætta útgáfu af bresku gamanþáttunum Fawlty Towers sem nutu mikilla vinsælda hér á landi sem og annars staðar. Þættirnir voru sýndir í Bretlandi árin 1975 og 1979. Aðalleikarinn í þáttunum, John Cleese, fer þar á kostum í hlutverk hótelstjórans Basil Fawlty og á DVD-útgáfunni má heyra Cleese ræða um upptökur á þáttunum en þær voru með áhorfendum í sal.

Fram kemur í umfjöllun um þessa útgáfu á vefsíðu San Louis Bispo að athugasemdir Cleese séu sérstaklega fyndnar í einum þættinum. „Okkur fannst við hafa gert góðan þátt og verið mjög fyndin en það kom okkur á óvart að það skyldi nánast enginn hlæja í salnum. Allavega fáir. Ég fékk seinna að vita að BBC hafði boðið sextíu til sjötíu manna hópi íslensks sjónvarpsfólks að sitja og horfa á okkur," segir Cleese og bætir því við að það útskýri þorskalyktina sem lá í loftinu meðan á tökum stóð.



**HÆPIN SAGA** Saga sem John Cleese lætur flakka á DVD-útgáfu Fawlty Towers um íslenska sjónvarpsfólkið og húmorsleysi þeirra er mjög hæpin að mati fyrrverandi dagskrárstjóra RÚV.

Fréttablaðið hafði samband við Hinrik Bjarnason, sem var dagskrárstjóri RÚV á þessum tíma. „Það voru farnar mjög margar kynnisferðir á vegum RÚV til BBC þar sem menn kynntu sér tækni og annað slíkt. En sextíu til sjötíu manna hópur, nei, það held ég að sé mjög hæpið," segir Hinrik og leyfir sér að efast um sannleiksgildi sögunnar þótt vissulega sé hún góð. „Ég var allavega fjarri góðu gamni og hefði eflaust verið í hinum hópnum, sem hló, því ég var alltaf mjög veikur fyrir John Cleese og hans húmor." **- fgg**

Kvikmyndir ★★

**Jóhannes**

Leikstjóri: Þorsteinn Bjarni Gunnarsson

## Græskulaust grín en rýrt í roðinu



Eftir að myndmenntakennarinn Jóhannes skutlar tengdó suður á Leifsstöð kemur hann fallegri dís á vélarvana bíl til hjálpar í úrhellisrigningu á Reykjanesbraut. Stúlkan launar honum greiðann með því að bjóða honum inn til sín í te, sem endar á því að hún skikkar hann, bláókunnugan miðaldra manninn, úr blautu fötunum og í heitt freyðibað. Sem Jóhannes nýtur sín í froðunni með koníaksglas í hendi, rennir illúðlegur mótorhjólatöffari í hlað; kærasti stúlkunnar, sem fleygir Jóhannesi út á adamsklæðunum. Þetta leiðir svo af sér misskilning á misskilning ofan og farsakennda atburðarás.

Þorsteinn Gunnar Bjarnason leikstýrir og skrifar handritið. Mér skilst að það hafi útheimt mikla elju að koma þessari mynd á koppinn, styrkir af skornum skammti og svo framvegis. Slík þrautseigja er auðvitað virðingarverð út af fyrir sig. Á hinn bóginn gefur það ekki afslátt af gæðakröfum.

Handritið er ekki upp á marga fiska – beinlínis slakt. Framvindan er langsótt og einkennist af tíðindalitlu uppfyllingarefni milli misfyndinna uppákomna. Leikurinn er eftir því, mannskapurinn vinnur úr því sem hann hefur úr að moða. Þetta kvað vera fyrsta hreinræktaða aðalhlutverk Ladda í kvikmynd. Þau verða vonandi fleiri og betri. Aðdáendur Ladda geta eflaust haft af þessu ágæta skemmtan; þetta er græskulaust gaman með hlýjum undirtóni, á pari við það sem má skemmta sér yfir á þorrablótum átthagafélaga, en sem framlag til íslenskrar kvikmyndaflóru verður myndin um Jóhannes léttvæg fundin. **Bergsteinn Sigurðsson**

# Borgar ekki meðlag

**Fyrrverandi eiginkona Jermaines Jackson hefur höfðað mál á hendur honum þar sem hann hefur ekki greitt henni meðlag síðastliðið ár. Alejandra og Jermaine eiga saman synina, Jermajesty og Jaffar, og segist Alejandra ekki geta fætt og klætt drengina án fjárhagsaðstoðar frá Jermaine. Alejandra og drengirnir búa hjá móður Alejöndru og fær hún matarmiða til matarinnkaupa.**



**VILL EKKI BORGA** Jermaine hefur ekki greitt meðlag

# Alltof hávær

Nágrannar söngkonunnar Madonnu hafa kvartað sáran undan látum í söngkonunni. Karen George býr fyrir ofan íbúð söngkonunnar í New York og segir hún að íbúar í húsinu hafi lagt fram kæru vegna hávaða í Madonnu, en poppdrottningin notar víst íbúðina undir söngæfingar. „Nágrannar hennar þurfa að búa við háværa tónlist, stapp og drunur í margar klukkustundir á dag. Tónlistin er svo hávær að veggirnir titra undan bassanum," segir Karen George, sem vill Madonnu út úr húsinu.





MasterCard korthafar fá tvo miða á verði eins á sérstakar MasterCard forsýningar í kvöld 21. október og á morgun 22. október, kl. 20.00 í Háskólabíói, greiði þeir með kortinu.

HÁSKÓLABÍÓ

Eyfi og félagar kynna

# EAGLES

## heiðurstónleikar

Háskólabíó 31. október, kl.20



Kynnir:
**Logi Bergmann**

**Hotel California**
**Lyin´ eyes**
**Desperado**
**Take it easy**
**One of these nights**
**Tequila sunrise**
**Peaceful easy feeling**
**Take it to the limit**
**Hole in the world**
**Busy being fabulous**
**New kid in town**
**The best of my love**
**o.m.fl.**

Fram koma:
**Eyjólfur Kristjánsson**
**Stefán Hilmarsson**
**Björgvin Halldórsson**
**Friðrik Ómar**
**Edgar Smári**
**Arnar Jónsson**
**Sigurjón Brink**

13 manna hrynsveit og bakraddir,
ásamt Óskari Einarssyni og félögum
úr Gospelkór Reykjavíkur

Miðasala á midi.is

**midi.is**

## > HSÍ til í að styðja við bakið á Fram

Þau voru ansi stóryrt skrifin á heimasíðu Fram eftir seinni leik liðsins gegn Tatran Presov. Var þar talað um að dómurunum hefði verið mútað og annað. Hefur pistillinn verið fjarlægður af heimasíðu félagsins. Þrátt fyrir það eru Framarar afar ósáttir við dómgæsluna sem þeir fengu í leikjunum og óskuðu eftir því að HSÍ myndi styðja við bakið á þeim. Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, segir að það sé sjálfsagt mál hafi Framarar eitthvað til síns máls. Hann hafi aftur á móti ekki séð leikinn og verði að hafa eitthvað í höndunum áður en hann aðhafist nokkuð. Boltinn sé því hjá Frömurum.



# sport

sport@frettabladid.is

GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON, ÞJÁLFARI SELFOSS: EKKI ENN FARINN AÐ STYRKJA LEIKMANNAHÓPINN

# Gott að keyra yfir heiðina og hugsa um lífið

Á meðan flest lið efstu deildar sem þurfa styrkingu hafa verið að fá til sín leikmenn þá hefur lítið heyrst frá Selfossi. Nýliðarnir hafa ekkert látið til sín taka á leikmannamarkaðnum það sem af er en nýráðinn þjálfari þeirra, Guðmundur Benediktsson, segir að það muni breytast.

„Það er verið að vinna í nokkrum málum en góðir hlutir gerast víst hægt. Við reynum að fara eftir því. Auðvitað erum við að kíkja í kringum okkur en það verður að segjast að það er ekki um auðugan garð að gresja. Ég sé líka betur þegar við byrjum að æfa hvar okkur vantar styrkingu,“ sagði Guðmundur en er aksturinn yfir Hellisheiði að fæla menn frá því að fara á Selfoss?

„Ég held ekki. Hvað varðar sjálfan mig þá getur þetta verið besti tími dagsins, gott að fá smá tíma með sjálfum sér á meðan maður rúllar yfir heiðina. Ég held að menn hafi gott af því, að hugsa aðeins um lífið á meðan þeir fara yfir heiðina. Ég hef samt ekki talað við neinn leikmann sem er að gera aksturinn að einhverju vandamáli.“

Guðmundur segist ekki hafa gert sér nákvæmlega grein fyrir því hvað hann þurfi að styrkja liðið mikið svo það sé raunhæft markmið að halda liðinu í deildinni.



„Ég er búinn að horfa á eina fjóra leiki á DVD-diskum og ég sé þetta ekki alveg fyrr en ég kynnist strákunum á æfingum. Við þurfum samt klárlega að bæta við okkur. Þetta er ekki fjölmennur hópur og svo er þetta ungt lið og kannski ekki mikil reynsla í því. Liðið þarf á reynslu að halda og ég hef verið að leita fyrir mér í þeim efnum,“ sagði Guðmundur sem gaf mönnum gott frí.

„Ég er greinilega frábær þjálfari því ég gaf mönnum strax gott frí,“ sagði Guðmundur og hló dátt en hann segir hvíldina oft vera vanmetna.

Þó svo Guðmundur hafi ekkert séð til liðsins í sumar og aðeins horft á það af diskum segist hann vera farinn að vita hvað flestir leikmanna liðsins heiti.

„Ég er búinn að hitta strákana og það verður ekkert vandamál. Ég mun læra það fljótt hvað þeir heita,“ sagði Guðmundur léttur.

Fram fær nýjan leikmann:

# Tómas til liðs við Framara

**FÓTBOLTI Tómas Leifsson gekk í gærdag formlega í raðir Fram frá Fjölni. Tómas kemur til félagsins án greiðslu en hann var samningslaus.**

**Tómas er 24 ára gamall. Hann ólst upp í herbúðum FH en fór þaðan til Fjölnis þar sem hann lék 86 leiki og skoraði í þeim 29 mörk.**

**Tómas hefur verið með betri leikmönnum Fjölnis síðustu ár og er þetta því mikill liðstyrkur fyrir Fram en að sama skapi blóðtaka fyrir Fjölnismenn sem leika í 1. deild næsta sumar. - hbg**

Manchester United mætir CSKA Moskvu í kvöld:

# Án Giggs og Rooney

**FÓTBOLTI** Manchester United mætir CSKA Moskvu á útivelli og Chelsea fær Atletico Madrid í heimsókn í riðlakeppni Meistaradeildarinnar í kvöld en ensku félögin hafa unnið báða leiki sína þar til þessa.

United verður þó án Waynes Rooney og Ryans Giggs í kvöld og það er heldur betur skarð fyrir skildi en auk þess ferðuðust Patrice Evra, Ji-Sung Park og Darren Fletcher ekki til Moskvu.



Hjá Chelsea er Didier Drogba enn frá vegna þriggja leikja banns en hann klárar að sitja það af sér gegn Atletico Madrid í kvöld. Jose Bosingwa getur heldur ekki leikið með Lundúnafélaginu vegna hnémeiðsla.

Þá mætast Real Madrid og AC Milan í stórleik umferðarinnar á Santiago Bernabeu-leikvanginum í Madrid. - óþ

**ROONEY** Ekki með United í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY



**VONBRIGÐI Á ANFIELD** Steven Gerrard þurfti að yfirgefa völlinn meiddur á 25. mínútu en til að bæta gráu ofan á svart tapaði Liverpool 1-2 en sigurmark Lyon kom í uppbótartíma. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Liverpool í vanda

**Það var skorað grimmt í leikjum Meistaradeildarinnar í gærkvöldi og dramatíkin var allsráðandi.**

**FÓTBOLTI** Alls var skorað þrjátíu og eitt mark í leikjunum átta í þriðju umferð riðlakeppni Meistaradeildarinnar í gærkvöldi. Óvæntustu úrslitin áttu sér stað á Nývangi þar sem núverandi Meistaradeildarmeistarar í Barcelona máttu sætta sig við 1-2 tap gegn Rubin Kazan frá Rússlandi. Þá töpuðu ensku félögin Arsenal og Liverpool mikilvægum stigum í blálok leikja sinna.

Liverpool varð fyrir áfalli á 25. mínútu leiks síns gegn Lyon þegar Steven Gerrard þurfti að yfirgefa völlinn vegna meiðsla og alls óvíst hvort hann verði klár í slaginn gegn Manchester United um næstu helgi. Liverpool skoraði þó fyrsta mark leiksins þegar Yossi Benayoun var réttur maður á réttum stað í lok fyrri hálfleiks. Markið reyndist þó skammgóður vermir fyrir heimamenn því Lyon skoraði tvö mörk í síðari hálfleiknum og sigurmarkið kom í uppbótartíma og frækinn 1-2 sigur gestanna niðurstaðan. Liverpool tapaði þar með sínum fjórða leik í röð og er vægast sagt í vondum málum með eitt stig eftir þrjá leiki í Meistaradeildinni á meðan Lyon er með níu stig og Fiorentina með sex stig eftir 3-4 sigur gegn Debrecen. Jamie Carragher, varnarmaður Liverpool, reyndi þó að vera bjartsýnn í leikslok í gær.

„Úrslitin eru auðvitað svekkjandi og staða okkar er ekki ákjósanleg. Við höfum hins vegar þurft að ganga í gegnum erfiða tíma sem þessa áður og við búum yfir sterkum karakter og baráttuanda sem á eftir að hjálpa okkur að snúa þessu við. Ég efast ekki um það,“ sagði Carragher.

Arsenal lenti einnig í vonbrigðum þegar AZ Alkmaar náði að skora 1-1 jöfnunarmark í uppbótartíma í leik liðanna í Hollandi en Lundúnafélagið þarf þó ekki að örvænta enda með sjö stig eftir þrjá leiki í riðlinum.

Óvæntustu úrslitin komu þegar Rubin Kazan hirti þrjú stig gegn Barcelona á Nývangi en Inter og Dynamo Kiev skildu jöfn í sama riðli. omar@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### Meistaradeild Evrópu

**E-riðill:**

Debrecen-Fiorentina 3-4

1-0 Peter Czvikovics (2.), 1-1 Adrian Mutu (6.), 1-2 Alberto Gilardino (10.), 1-3 Mutu (19.), 2-3 Gergely Rudolf (28.), 2-4 Mario Alberto Santana (37.), 3-4 Adamo Coulibaly (88.).

Liverpoool-Lyon 1-2

1-0 Yossi Benayoun (41.), 1-1 Maxime Gonalons (72.), 1-2 Cesar Delgado (90.+1).

**F-riðill:**

Barcelona-Rubin Kazan 1-2

0-1 Alexander Ryazantsev (2.), 1-1 Zlatan Ibrahimovic (48.), 1-2 Gokdeniz Karadeniz (73.).

Inter-Dynamo Kiev 2-2

0-1 Taras Mykhalyk (5.), 1-1 Dejan Stankovic (35.), 1-2 Lucio, sjálfsmark (40.), 2-2 Walter Samuel (47.).

**G-riðill:**

Stuttgart-Sevilla 1-3

0-1 Sebastien Squillaci (23.), 0-2 Jesus Navas (55.), 0-3 Squillaci (72.), 1-3 Elson (73.).

Rangers-Unirea 1-4

1-0 Ricardo Gomes, sjálfsmark (2.), 1-1 Marius Bilasco (33.), 1-2 Kyle Lafferty, sjálfsmark (50.), 1-3 Lee McCulloch, sjálfsmark (59.), 1-4 Pablo Brandan (65.).

**H-riðill:**

AZ Alkmaar-Arsenal 1-1

0-1 Cesc Fabregas (36.), 1-1 David Mendes Da Silva (90.+3).

Olympiakos-Standard Liege 2-1

0-1 Igor De Camargo (37.), 1-1 Kostas Mitrogiou (43.), 2-1 Ieroklis Stoltidis (90.+3).

### Iceland Express-deild kvk

Valur-Keflavík 79-75 (41-25)

**Stigahæstar hjá Val:** Hrund Jóhannsdóttir 21 (13 fráköst, 4 stoðsendingar), Sakera Young 14.

**Stigahæstar hjá Keflavík:** Viola Beybeyah 28 (12 fráköst), Marín Karlsdóttir 11 (8 stoðsendingar), Svava Stefánsdóttir 11 (8 stoðsendingar).



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> **Leighton Meester**

„Þátturinn Gossip Girl höfðar til stúlkna og ungra kvenna. Strákar hafa líka syndsamlega gaman af honum en þora ekki að hafa hátt um það."

***Meester fer með hlutverk Blair Waldorf í þættinum Gossip Girl sem Stöð 2 sýnir kl. 20.10 í kvöld.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HLUSTAR Á SPRENGISAND SIGURJÓNS

## *Listin að grípa fram í fyrir öðrum*



Sprengisandur Sigurjóns Egilssonar á Bylgjunni er fínn þáttur. Datt inn í hann um helgina. Þar sátu tvær sprautur úr pólitík, Helga Vala sem er lögfræðinemi og leikkona, málafylgjumaður með dimma og dramatíska rödd og Þórlindur, fyrrum sprauta fyrir Landsbankann og pótintáti á vegum Sjálfstæðisflokksins. Þau fóru bæði með rulluna sína. Hann með nýju hörðu línuna sem flokksmenn hafa margtuggið síðustu vikur og er að uppskera þokkalegt fylgi í skoðanakönnunum eftir niðurlægingarskeiðið sem þeir telja sér trú um að að sé yfirstaðið. Hún með sitt hlutverk. Bæði sýndu sannfærandi leik, enda líklega væntanlegir kandídatar fyrir sitt lið: hann er kominn á þingmannalistann hjá flokknum en hún er enn á sveitarstjórnarstiginu.

Þau fóru í pex, gripu í sífellu hvort fram í fyrir hinu, svo úr varð heldur þreytandi senna og þá sjaldan Sigurjón greip inn í mátti heyra í honum hæðnistóninn: betur hefði hann áminnt þau mörgum sinnum um málefnalega samræðu: þáttastjórnendur eiga ekki að láta vonnabí flokkanna komast upp með svona pretti frammi fyrir almenningi. Þeir hafa skyldu til að stoppa kjaftháttinn, röflið, pressa fólk til að sveigja af fyrirframgefnum brautum, kunni það ekki að hlusta og taka rök til umræðu svo þáttargerðin megi verða til einhvers. Það tókst Sigurjóni ekki þennan morgun: Miðað við línuna sem hann hefur kynnt um þáttinn sinn sem svaka töffari sem tekur ekki einhverju kjaftæði heldur vill svör, verður hann að gera betur, hrinda gestum sínum til sæmandi og ábyrgrar stjórnmálaumræðu.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **18.30** Real Madrid - AC Milan, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.55** America's Next Top Model - NÝTT SKJÁREINN



▶ **21.05** Kiljan SJÓNVARPIÐ



▶ **22.10** True Blood STÖÐ 2



▶ **21.45** Eldsnöggt með Jóa Fel STÖÐ 2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var... - Maðurinn** (4:26) (e)

**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Alvöru dreki.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. Aðalhlutverk: America Ferrera, Alan Dale, Mark Indelicato, Tony Plana, Vanessa L. Williams, Eric Mabius, Ashley Jensen og Ana Ortiz.

▶**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Lifandi fæða** (Levande föda) (3:3) Sænsk hrollvekja í þremur þáttum. Miranda fer með vinkonu sinni og bróður hennar í sumarbústað sem hún hefur erft eftir ömmu sína og undarlegir atburðir gerast. Aðalhlutverk: Liselott Berg, Fanny Carlsson, Lena Dahlén, Mia Höglund, Maria Hörnelius og Rasmus Lindgren. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10 Stóra planið** (3:5) Íslensk gamanþáttaröð með harmrænu ívafi. (e)

**23.45 Viðtalið** (Lasse Reimann) (e)

**00.15 Kastljós** (e)

**00.55 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Spin**

**10.00 The Jane Austen Book Club**

**12.00 Open Season**

**14.00 Spin**

**16.00 The Jane Austen Book Club**

**18.00 Open Season**

**20.00 Notes of a Scandal**

**22.00 It's All Gone Pete Tong**

**00.00 Grilled**

**02.00 Hostage**

**04.00 It's All Gone Pete Tong**

**06.00 Fast and the Furious. Tokyo Drift**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Auddi og Sveppi**

**10.55 Back To You** (10:17)

**11.20 My Name Is Earl** (20:22)

**11.45 Gilmore Girls**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Aliens in America** (9:18)

**13.25 Sisters** (2:28)

**14.15 E.R.** (13:22)

**15.00 The O.C. 2** (18:24)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10 og Stóra teiknimyndastundin, Dynkur smáeðla.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (1:25)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (12:23)

**19.45 Two and a Half Men** (6:24)

**20.10 Gossip Girl** (3:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**20.55 Ástríður** (10:12) Ný íslensk gamanþáttaröð.

**21.25 Medium** (10:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfilega viðburði sem enn hafa ekki átt sér stað.

▶**22.10 True Blood** (5:12) Anna Paquin leikur unga gengilbeinu sem fellur fyrir myndarlegum manni sem reynist vera vampíra.

**23.05 Sex and the City** (11:18)

**23.35 In Treatment** (23:43)

**00.05 Big Love** (6:10)

**01.00 Eleventh Hour** (13:18)

**01.45 E.R.** (13:22)

**02.30 Sjáðu**

**03.00 Detention**

**04.35 Medium** (10:19)

**05.20 Ástríður** (10:12)

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.

**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**13.45 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur.

**15.25 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**16.05 CSKA Moskva - Man. Utd.** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**18.05 Meistaradeild Evrópu: Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

▶**18.30 Real Madrid - AC Milan** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Chelsea - Atletico Madrid Sport 4. Bordeaux - Bayern Munchen

**20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**21.20 Chelsea - Atl. Madrid** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 18.40.

**23.10 Bordeaux - Bayern Munchen** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn er sýndur beint á Sport 4 kl 18.40.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Wigan - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.00 Everton - Wolves** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.40 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**20.35 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**21.05 Aston Villa - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.45 Portsmouth - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.05 Skemmtigarðurinn** (5:8) (e)

**08.00 Dynasty** (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Skemmtigarðurinn** (5:8) (e)

**12.55 Pepsi MAX tónlist**

**16.05 Dynasty**

**16.55 Afmælisskaup** (e)

**18.50 Fréttir**

**19.05 King of Queens** (5:25) Bandarískir gamanþættir um Doug Heffernan og Carrie eiginkonu hans. (e)

**19.30 America's Funniest Home Videos** (45:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot.

**20.00 Spjallið með Sölva** (5:13) Umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.

▶**20.55 America's Next Top Model - NÝTT** (1:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Að þessu sinni verður brugðið aðeins út af vananum því allar stúlkurnar eru fremur smávaxnar.

**21.50 Fréttir** (e)

**22.05 Lipstick Jungle** (1:13) Þáttaröð um þrjár valdamiklar vinkonur í New York. Nico íhugar að segja Charles frá framhjáhaldi sínu, Wendy ætlar að minnka vinnuna og sinna foreldrahlutverkinu betur og Victory ræður upplýsingafulltrúa á sama tíma og Joe gerir allt til að næla í hana aftur.

**22.55 The Jay Leno Show**

**23.45 Californication** (9:12) (e)

**00.20 Law & Order. Criminal Intent**

**01.10 The Contender Muay Thai** (e)

**02.00 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Maturinn og lífið** Fritz M Jörgensson ræðir við gest sinn um lífið og tilveruna.

**20.30 Neytendavaktin** Þáttur um málefni neytenda í umsjón Ragnhildar Guðjónsdóttur

**21.00 60 plús** Umsjón: sr. Bernharð Guðmundsson, Guðrún Guðlaugsdóttir og Tryggvi Gíslason.

**21.30 Óli á Hrauni** Þáttur um stjórnmál í umsjón Ólafs Hannessonar.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Ástríður



Væringar eru uppi. Það er ljóst að Sveinn var aldrei sá riddari sem Ástríður var að vonast eftir. Nú standa allir á krossgötum. Ekki síst Bjarni frændi sem heldur upp á fertugsafmælið sitt. Eða var það 45? Ástríður er rómantísk gamanþáttaröð um unga konu sem ræður sig til vinnu hjá fjármálafyrirtæki korteri fyrir hrun þar sem allt er auðvitað að gerast en um leið ekki neitt. En þótt Ástríði reynist erfitt að fóta sig í hörðum heimi viðskiptalífsins þá gengur henni enn verr í mun harðari heimi ástarinnar. Með aðalhlutverk fer Ilmur Kristjánsdóttir.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Spjallið með Sölva**
**Skjár einn kl. 20.00**

Umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti. Sölvi hefur puttann á púlsi þjóðlífsins og nálgast viðfangsefnin frá ýmsum sjónarhornum. Meðal gesta hans í kvöld er Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kátir voru karlar
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (8:26) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (9:26)
**17.30 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
**18.15 Seinfeld** (8:24)
**18.45 Doctors** (8:26)
**19.15 Doctors** (9:26)
**19.45 Gilmore Girls**
**20.30 Seinfeld** (8:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Eldsnöggt með Jóa Fel** (3:10) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Matreiðslan verður þjóðlegri en áður, góðar steikur, matarmiklir pottréttir, súpur og einfaldir fiskréttir.
**22.15 Chuck** (7:22) Chuck lifði frekar óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**23.00 Burn Notice** (7:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda. Hann reynir því nú að komast að því hverjir „brenndu" hann og afhverju.
**23.45 Fangavaktin** (4:8)
**00.15 Modern Toss** (2:6)
**00.40 Fréttir Stöðvar 2**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Blackadder the Third **12.30** Only Fools and Horses **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** Blackadder the Third **15.15** Only Fools and Horses **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Lab Rats **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **18.30** Coupling **19.00** Little Britain **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** The Innocence Project **20.55** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.25** Coupling **21.55** Little Britain **22.25** Lab Rats **22.55** EastEnders **23.25** The Weakest Link

## DR 1

**12.00** Landsbyhospitalet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Pigerne Mod Drengene **14.30** Braceface **14.50** Hojspændingsmanden og Robotdrengene **15.00** ICarly **15.20** Den lyserode Panter **15.30** Der var engang.... **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** By på Skrump **18.30** Klimaduks og Blærerov **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Taggart **21.10** Onsdags Lotto **21.15** Danskere i krig **21.45** Backstage **22.15** Seinfeld **22.40** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Doktor Åsa **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Olivia **16.10** Ugler i mosen **16.30** Plipp, Plopp og Plomma **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektorene **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Oh my God **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** True Blood **22.35** Ei rituell verd **23.25** Du skal hore mye jukeboks

## SVT 1

**12.05** Lysande utsikter **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Älskade, hatade förort **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Livvakterna **20.00** True Blood **20.55** Kulturnyheterna **21.10** Livet i Fagervik **21.55** Den stora resan **22.55** Kriminaljouren **23.40** Dina frågor - om pengar



**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Mér finnst besti bitinn vera veitingastaðurinn Austurlandahraðlestin. Ég er alveg háð indverskum mat og panta mér oftast Chicken 65.“*

Lára Rúnarsdóttir tónlistarkona.

# Fimm mínútna lagfæring

„Þetta er búið. Ég gerði þetta klukkan níu í morgun [gærmorgun] og þetta tók fimm mínútur nákvæmlega,“ segir söngvarinn Friðrik Ómar.

Bubbi Morthens hvatti hann í Fréttablaðinu í gær til að lagfæra útgáfu sína og Jógvans Hansen af laginu Róméó og Júlíu. Ástæðan er sú að Friðrik söng „Draumana tilbáðu þau“ í staðinn fyrir „Draumarnir tilbáðu þau“. Nýja og endurbætta útgáfan er nú komin í útvarpsspilun og þurfa Bubbi og aðdáendur hans því ekki lengur að reyta hár sitt yfir mistökunum. „Ég þurfti að taka daginn snemma, það var það eina. En maður hefur bara gott af því,“ segir Friðrik. „Það er búin að skapast svo mikil umræða um þetta og það er bara gaman. Það væri gaman að komast að því hvað er í rauninni rétt að segja, ég hef ekki hugmynd um það sjálfur,“ segir hann um hina frægu setningu. „En þetta er náttúrlega list og menn mega auðvitað gera það sem menn vilja.“

Friðrik og Jógvan eru á leiðinni til Færeyja þar sem þeir halda útgáfutónleika í Norðurlandahúsinu á laugardag. Þetta verður í fyrsta sinn sem Friðrik kemur til Færeyja. „Ég hlakka rosamikið til. Ég ætla líka að heimsækja Klakksvík og skoða æskuslóðir Jógvans,“ segir hann og bætir við að afar þægilegt sé að vinna með Færeyingnum. „Hann er svona „ligeglad“ og kærulaus á skemmtilegan hátt.“

Hér heima stefna þeir félagar á aukaútgáfutónleika í Salnum í Kópavogi föstudaginn 13. nóvember, vegna fjölda áskorana. - fb



**FRIÐRIK OG JÓGVAN** Friðrik var aðeins í fimm mínútur að taka upp nýja útgáfu af Róméó og Júlíu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT**
**2.** mats, **6.** holskrúfa, **8.** þrot, **9.** upphrópun, **11.** fíngerð líkamshár, **12.** máttur, **14.** guð, **16.** tveir eins, **17.** dvelja, **18.** umfram, **20.** tveir eins, **21.** murra.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþróttafélag, **3.** hljóm, **4.** farfi, **5.** hlóðir, **7.** frjáls, **10.** siða, **13.** svelg, **15.** réttur, **16.** efni, **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dóms, **6.** ró, **8.** mát, **9.** aha, **11.** ló, **12.** megin, **14.** faðir, **16.** tt, **17.** una, **18.** auk, **20.** gg, **21.** urra.

**LÓÐRÉTT: 1.** fram, **3.** óm, **4.** málning, **5.** stó, **7.** óheftur, **10.** aga, **13.** iðu, **15.** ragú, **16.** tau, **19.** kr.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Tinna táknmálsálfur.
2. Ögmundi Jónassyni.
3. Friðrik Ómar og Jógvan.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

STEFÁN KARL: FLUTTUR AFTUR TIL LOS ANGELES

# Stefán æfir The Grinch með Christopher Lloyd

Stefán Karl Stefánsson mun endurtaka hlutverk Trölla í söngleiknum um hvernig þessi höfuðpersóna Dr. Seuss stal jólunum. Stefán mun hins vegar leika hlutverkið á móti öðrum leikara, engum öðrum en gamla brýninu Christopher Lloyd. Lloyd á að baki næstum 35 ára feril í Hollywood en hans fyrsta hlutverk var í Óskarsverðlaunamyndinni One Flew Over the Cuckoo's Nest árið 1975. Þekktastur er hann þó örugglega fyrir leik sinn í tímaflakksmyndunum Back to the Future þar sem hann fór á kostum í hlutverki Emmet Brown. Annar og ekkert síður þekktur leikari í Hollywood, John Larroquette, leikur einnig í sýningunni en hann leikur Old Max.

Stefán segist vera hálfgerð varaskeifa fyrir Lloyd, hann muni hlaupa undir bagga þegar sá gamli þreytist enda Lloyd orðinn 71 árs gamall og sýningin er ekkert lamb að leika sér við, líkamlega. „Það verða svona helmingaskipti hjá okkur,“ segir Stefán og bætir því við að Lloyd flokkist reyndar sem Íslandsvinur og gerði það áður en leiðir þeirra tveggja lágu saman. „Já, hann sagðist hafa komið til Íslands í kringum sjöunda áratuginn og sá einhver íslensk leikverk sem hann hreifst mjög af. Hann hafði líka mikla samúð með okkur vegna efnahagshrunsins,“ segir Stefán og viðurkennir að Lloyd sé ein af gömlu hetjunum hans úr bíómyndunum. „Þetta er mjög skemmtilegt og náttúrlega frábært tækifæri fyrir mig að fá að vinna með honum,“ en samstarf þeirra tveggja er mjög náið á meðan æfingum stendur enda þekkir íslenski leikarinn hlutverkið eins og lófann á sér eftir að hafa leikið það í ótalmörgum sýningum í fyrra í San Diego. „Og svo er ég titlaður „assistant dance captain“ en það þýðir að ég hjálpa honum við danssporin sem eru stigin í sýningunni.“ Stefán segir Lloyd annars vera fínan karl sem sé ákaflega hlýlegur og vinalegur.

Áætlað er að söngleikurinn verði frumsýndur í hinu sögufræga leikhúsi Los Angeles, Pantages Theater, 14. nóvember og gert ráð fyrir að það verði sýnt tólf sinnum í viku. Stefán hefur reyndar staðið í stórræðum að undanförnu því fjölskyldan er nú flutt aftur til Los Angeles eftir að hafa búið í San Diego um nokkurt skeið. „Við höfum reyndar verið að bíða eftir þessu tækifæri. Því þótt San Diego sé alveg ágætis borg þá er miklu meira um að vera hérna,“ segir Stefán.

freyrgigja@frettabladid.is



**Í GÓÐUM HÓPI**
**Stefán Karl Stefánsson** er í góðum hópi við æfingar á The Grinch eftir Dr. Seuss. Hann og stórleikarinn **Christopher Lloyd** skipta hlutverkinu á milli sín en sá á að baki 35 ára feril í Hollywood. Auk þeirra tveggja leikur John Larroquette stórt hlutverk í sýningunni en hann er þekktastur fyrir leik sinn í The Practice og Boston Legal.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Áhuginn á Guð Blessi Ísland eftir **Helga Felixson** virðist vera ákaflega mikill erlendis þótt ekki hafi allir verið jafn sáttir við hana hér á Íslandi. Myndin var sýnd á sérstöku þemakvöldi þýsku sjónvarpsstöðvarinnar Arte þar sem Ísland var í aðalhlutverki en kvöldinu hafði verið gefið heitið „Ísland í auga stormsins“. Strax á eftir var sýnd önnur heimildarmynd um íslenska bankahrunið eftir Claudiu Buckenmaier.



Þegar þessar tvær myndir höfðu runnið sitt skeið hófust síðan pallborðsumræður um af hverju Íslendingar og Ísland væru í svona vondum málum, hvað væri til ráða og hvað hefði farið úrskeiðis. Meðal þeirra sem sátu við pallborðið var **Arthúr Björgvin Bollason** sem lengi hefur verið sérlegur sérfræðingur íslensku þjóðarinnar í þýskri menningu.

Kvikmyndin Jóhannes með **Ladda** í aðalhlutverki náði því afreki að vera aðsóknarmesta kvikmyndin á Íslandi um helgina. Yfir sex þúsund manns borguðu sig inn á myndina sem er þó töluvert færri en mættu á fyrstu sýningarhelgi Algjörs svepps og Leitin að Villa. Reyndar verður Sverrir Þór að sætta sig við þriðja sætið núna því Lisbeth Salander skýtur honum einnig ref fyrir rass og hirðir silfrið með kvikmyndinni Stúlkan sem lék sér að eldinum en hún er byggð á samnefndri bók Stieg Larsson. - fgg



STÓRA LAND ROVER FERÐIN
LAUGARDAGINN 24. OKTÓBER
Íslandrover í samvinnu við Eðalbíla verður með létta dagsferð í nágrenni Reykjavíkur fyrir alla Land Rover eigendur. Lagt verður af stað frá höfuðstöðvum Eðalbíla að Grjóthálsi 1 kl. 10.00 og er áætluð heimkoma kl. 15.00. Léttar veitingar og ekkert þátttökugjald. Nánari upplýsingar á www.islandrover.is
Skráðu þig strax!
skraning@islandrover.is
ÍSLANDROVER
EÐALBÍLAR

# Veitt mikil athygli að utan

Tónlistarmanninum Einari Tönsberg, betur þekktur sem Eberg, hefur verið boðinn samningur hjá útgáfu- og umboðsfyrirtækinu Kobalt Music Publishing, en fyrirtækið hefur tónlistarmenn á borð við Kelly Clarkson, Busta Rhymes og Moby á sínum snærum. „Kobalt er búið að bjóða mér höfundaréttarsamning sem þýðir að þeir munu reyna að koma tónlistinni minn áleiðis til annarra, til dæmis fá mig til að semja tónlist fyrir aðra listamenn og fyrir auglýsingar og sjónvarpsþætti. Maður hefur því um meira að velja en er í boði hér heima og þar að auki væru launin betri,“ útskýrir Einar sem er um þessar mundir að fara yfir samninginn.

Auk þess að hafa boðist samningur frá Kobalt hefur útgáfufyrirtækið Parlophone sett sig í samband við Einar vegna hljómsveitarinnar Feldberg, en þar syngur Einar ásamt söngkonunni Rósu Birgittu Ísfeld. „Þeir höfðu samband við okkur eftir að hafa heyrt lagið Don't be a Stranger og vildu fá að heyra meira efni með okkur. Við erum búin að vera í samskiptum við þá síðan og þeir hafa áhuga á að skoða málin betur.“ Parlophone gefur út tónlist ýmissa þekktra hljómsveita og má þar nefna hljómsveitir á borð við The Verve, Interpol, Lily Allen og Radiohead. Einar hefur þó báða fætur á jörðinni og segir ekki öruggt að Feldberg landi samning hjá fyrirtækinu þrátt fyrir áhugann. „Maður hefur oft lent í svona áður og það er ekki öruggt að nokkuð verði úr þessu. En þetta er spennandi og öll athygli hjálpar til.“

Fyrsta plata Feldbergs er væntanleg innan skamms og segir Einar að ætlunin sé að halda útgáfutónleika í nóvember. - sm



**GENGUR VEL** Tónlistarmanninum Einari Tönsberg hefur boðist samningur við útgáfufyrirtækið Kobalt Music Publishing. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


ÖLL VERÐ ERU
BESTU VERÐ
á Lagersölunni Dalvegi 16b
Blöndunartæki
Vaskar
Sturtuhausar
Speglar
Handklæðaslár
o.fl.
Elhúsvaskur m/borði
VERÐ 10.000 KR.
Sturtusett
VERÐ 5.000 KR.
Eldhústæki - útdraganlegt
Baðvaskur
VERÐ 3.900 KR.
ALLT SETTIÐ
VERÐ 32.900 KR.
VERÐ 24.900 KR.
VERÐ 34.900 KR.
STURTUHAUS 21CM
VERÐ 9.900 KR.
Eldhúss- og baðblöndunartæki frá 4.900 kr.
VERÐ 5.400 KR.
Baðtæki
VERÐ 3.900 KR.
Sturtuhaus
VERÐ 1.000 KR.
Sturtubarki - 1,5m
Hitastýrð baðtæki
VERÐ FRÁ 10.000 KR.
Eldhússtæki
Baðtæki
VERÐ 8.000 KR.
VERÐ 10.000 KR.
VERÐ 12.000 KR.
Eldhúss- og hitastýrð blöndunartæki komin aftur. Sama frábæra verðið!
VERÐ 10.000 KR.
GERIÐ VERÐSAMANBURÐ!
Lagersalan – Dalvegi 16b, Kópavogi.
Opið virka daga 12-17 og laugardaga 10-14. S. 662 4499

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**

Kolbeins
Óttarssonar Proppé


## *Milliliðalaust*

Ríkisstjórnin bað í gær þegna landsins um að beina reiði sinni ekki að persónum og heimilum. Rétt væri að skilja þar á milli og þrátt fyrir að réttur fólks til mótmæla væri vissulega viðurkenndur, sé mikilvægt að þau mótmæli séu skipulögð, friðsamleg og rúmist innan allsherjarreglu samfélagsins.

**NÚ** skal vissulega tekið undir þær áhyggjur sem margir – síðast forsætisráðherra – hafa viðrað af því að ekki fari hér allt til fjandans. Að ekki verði farið yfir strikið með tilheyrandi átökum og óeirðum. Þá er ekki nema sjálfsagt að þeir sem mótmæli taki tillit til þeirra sem sannanlega eru saklausir; barna og ótengdra ættingja, til að mynda. Hins vegar vekur tímasetning samþykktarinnar ýmsar spurningar og ekki síst orð forsætisráðherra í gær.

**ÞAÐ** voru nefnilega fyrst og fremst mótmæli fyrir utan heimili dómsmálaráðherra sem voru kveikjan að samþykktinni. Hópi fólks hafði misboðið framferði íslenskra stjórnvalda; að senda úr landi þrjá hælisleitendur með engum fyrirvara. Þeir kúldrast nú í Grikklandi og vita ekki hvaðan á þá stendur veðrið. Mannréttindadómstóll Evrópu greip inn í þannig að fjórði félagi þeirra er hér enn, í bili að minnsta kosti. Þessar aðfarir urðu til þess að fólki fannst það þurfa að koma skoðunum sínum milliliðalaust á framfæri við dómsmálaráðherra.

**ÞETTA** er ekki í fyrsta skipti sem eitthvað í þessa veru gerist; Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra mátti búa við hóp mótmælenda fyrir utan forsætisráðherrabústaðinn þegar hann rauf þing árið 1931. Fólki getur nefnilega misboðið svo aðgerðir stjórnvalda að það þarf einfaldlega að koma skoðunum sínum hreint og klárt á framfæri. Og vissulega eiga menn alltaf að hafa aðgát í nærveru sálar, en – líkt og margir ráðherrar núverandi ríkisstjórnar eru vita fullvel af eigin reynslu – er stundum mikilvægast að koma meiningum sínum á framfæri, reyna að hafa áhrif á stjórnarvöldin og koma hlutum í lag. Í mótmælum.

**STJÓRNIN** hefði kannski frekar átt að huga að því hvað varð til þess að fólk þrammaði heim til dómsmálaráðherra. Kannski var frekar þörf á samþykktum í þeim ranni.

### GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 21. október 2009, 294. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.36 | 13.12 | 17.47 |
| Akureyri | 8.28 | 12.57 | 17.25 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


